

Lögmannaþingið



10. árgangur
September
3/2004

- Hverfandi landamæri lögmennskunnar
- Af norrænum vettvangi
- Málþing á Þingvöllum
- Af morgunverðarfundum með Elisabet Fura-Sandström
- Bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitenda





SPARAÐU TÍMA

MEÐ AÐGANGI AÐ HÆSTARÉTTARDÓMUM OG LAGASAFNI

HÆSTARÉTTARDÓMAR

Lánstraust hf. hefur skráð á tölvutækt form alla hæstaréttardóma frá 1958 og eru þeir aðgengilegir á www.lt.is.

Hæstaréttardómunum fylgja einnig þeir héraðsdómar sem áfrýjað var.

Öflug leitarvél er tengd dómasafninu og er mögulegt er að leita eftir ýmsum leitarskilyrðum í senn.

Einnig er hægt að finna alla dóma sem t.d. varða tiltekna lagagrein eða reglugerð.

LAGASAFN

Lagasafnið er gefið út á geisladiski tvisvar á ári og er það uppfært í samræmi við breytingar á löggjöf.

Allar nánari upplýsingar, adgangur@lt.is eða 550-9600.

L Á N S T R A U S T H F.

Lögmannablaðið

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími (tel.): 568-5620
Bréfsími (fax): 568-70567
Tölvupóstur: (E-mail):
lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

STJÓRN LMFÍ
Gunnar Jónsson hdl.,
formaður
Ragnheiður Bragadóttir hdl.,
varaformaður
Ólafur Rafnsson hdl.,
gjaldkeri
Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl.,
ritari
Jóhannes Albert Sævarsson hrl.,
meðstjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:
Ingimar Ingason
framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir
félagsdeild
Guðný Gísladóttir
ritari

Blaðið er sent öllum
félagsmönnum.
Ársáskrift
fyrir utanfélagsmenn
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað
kr. 400 + vsk.
ISSN 1670-2689

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Óflun ehf.,
sími 533 4440

- 4** GUÐRÚN BJÖRG BIRGISDÓTTIR:
Frá ritstjórn.
- 6** INGIMAR INGASON:
Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna:
Hagsmunaárekstrar, stjórnun og afnám einkaréttar lögmanna.
- 10** HVERFANDI LANDAMÆRI LÖGMENNSKUNNAR
„Leitum meira til samstarfsaðila erlendis en þeir hingað.“
Viðtal við *Gunnar Sturluson*.
- 12** „Að hleypa heimdraganum.“
Viðtal við *Baldvin Björn Haraldsson*.
- 14** ÁSGEIR Á. RAGNARSSON:
Reynsla af lögmansréttindum í NY.
- 16** KARL GEORG SIGURBJÖRNSSON:
Alþjóðlegi sakamáladómstólinn frá sjónarhorni verjenda.
- 18** Golfmót sumarsins.
- 20** “Different but equal – when will we get there?”
Af morgunverðarfundum með *Elisabet Fura-Sandström*.
- 22** Af Merði lögmanni.
- 24** GUNNAR JÓNSSON:
Pistill formanns.
- 28** BOGI NILSSON:
Ritað í tilefni af pistli formanns LMFÍ í Lögmannablaðinu,
júníhefti 2004.
- 30** EYRÚN INGADÓTTIR:
Fréttir frá félagsdeild.
- 30** Málþing Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands.
- 31** Íslenskur sigur í Norrænu málflutningskeppinni.
- 33** GUÐMUNDUR SIGURÐSSON:
Bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda sínum.

Forsíðumynd: SIGRÚN V. MAGNÚSDÓTTIR

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

Ritnefnd: Daði Bjarnason hdl., Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.,
Einar B. Árnason hdl., Guðfinna J. Guðmundsdóttir hdl. og
Gylfi Thorlacius hrl.



FRÁ RITSTJÓRN

Það fór væntanlega ekki framhjá neinum í sumar sú fjölmiðla-umfjöllun sem var um lögfræðinga og lögmenn þegar Davíð Oddsson forsætisráðherra sagði að hægt væri að fá lögmenn til að segja hvað sem væri. Það sem vakti athygli ritstjóra var hversu rík tilhneiging var að skipta mönnum í lið þeirra góðu og vondu þar sem lítið sem ekkert pláss var fyrir þann möguleika að lögin mætti túlka á mismunandi hátt. Sumir höfðu sem sagt fundið hina einu lögfræðilegu niðurstöðu og um þá sem voru ósammála, – jú það væri nú einu svo að alltaf mætti finna lögmenn sem væru til í að segja hvað sem er! Vissulega rétt að einhverju leyti, enda er það hlutverk lögmanna og beinlínis lagaskylda að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna og tala máli þeirra og ekkert athugavert við það. Þó ekki kannski til þess að segja hvað sem er fyrir þá eins og haldið var fram að væri síður okkar lögmanna. Ritstjóri hefur ennþá ekki kynnst þeim lögmönnum sem er hægt að ráða í vinnu við að segja hvað sem er, gegn gjaldi.

Nú þegar haustið er komið þá er enn eitt hitamálið tengt störfum lögmanna komið af stað en það er væntanleg skipan hæstaréttardómara en sennilega verður búið að skipa í stöðuna þegar þetta blað kemur út og einhverjir ósáttir!

Reyndar virtist sem biðin eftir því þessu hitamáli væri orðin of löng því sumar fjölmiðlar hófu umfjöllun um væntanlegar deilur vegna skipunar, áður en ljóst var hverjir myndu sækja um starfið. Aldrei er ráð nema í tíma sé tekið! Reyndar hefur umræðan núna tekið á sig aðra mynd þar sem hafin er undirskriftarsöfnun



**Guðrún Björg
Birgisdóttir**
hdl.

meðal lögmanna til stuðnings einum umsækjanda. Velta má því fyrir sér hvort það sé heppileg þróun þegar hópur lögmanna blandar sér með þessum hætti inn í málið með því að lýsa yfir stuðningi við einn tiltekinn umsækjanda. Hins vegar verður að telja að full þörf er á því að minna á nauðsyn þess að reynsla af lögmennsku sé tekin alvarlega og látin vege þungt við mat á umsækjendum um dómaraembætti. Um það eru lögmenn almennt sammála.

Efni blaðsins að þessu sinni er tengt aukinni alþjóðavæðingu í störfum íslenskra lögmanna. Slík alþjóðavæðing birtist eðlilega með misjöfnum hætti en að mati ritstjóra er þó sérstaklega athyglisverð sú staðreynd að íslenskir lögmenn eru farnir að afla sér lögmansréttinda utan Íslands. Þessi þróun hefur átt sér stað á ótrúlega stuttum tíma en tengsl lögmanna við kollega erlendis, eða lögmansstofur, verða sífellt mikilvægari. Sömuleiðis eru lögmenn í auknum mæli að sækja námskeið erlendis sem er af hinu góða. Umfjöllun um málþing LMFÍ og Dómarafélags Íslands er í blaðinu auk fréttu og mynda af golfmótum sumarsins en æ fleiri stunda þessa skemmtilegu íþrótt. Þá eru kynnt lauslega þau námskeið sem í boði eru fyrir lögmenn á haustönn og er þar um mikla fjölbreytni að ræða. LMFÍ stóð ásamt Félagi kvenna í lögmennsku fyrir morgunverðarfundi um miðjan júní þar sem Elisabet Fura-Sandström, sem er dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, hélt erindi um jafnrétti kynjanna í lögmansstarfinu. Í lokin má geta þess að tvær aðsendar greinar eru í blaðinu en lögmönnum er bent á að þeim er frjálst að skrifa um flest það sem þá lystir í þetta blað – þó innan velsæmismarkna.

Traustir félagar sem styrkja liðsheildina

**DiALTA Di1611
og Di2011**



Di1611 er 16 eintaka ljósritunarvél og prentari með innbyggðri Windows GDI prentun og TWAIN skönnun.

Di2011 er að auki 20 eintaka ljósritunarvél eða prentari með duplex sem skilar útprentun báðum megin á blaðið frá A6-A3.



KONICA MINOLTA

UMFANG
TÆKNI BÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5520 • 510 5530

OTTO AUGLÝSINGASTOFA

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna:

Hagsmunaárekstrar, stjórnun og afnám einkaréttar lögmannna

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna fór fram á Álandseyjum dagana 26. – 28. ágúst s.l. Að þessu sinni voru fjögur megin málefni á dagskrá fundarins, auk skýrslna lögmannafélaganna um helstu þætti starfsemi þeirra frá síðasta forsætisfundi.

Hagsmunaárekstrar í lögmennsku

Fyrsta mál á dagskrá fundarins snéri að hagsmunaárekstrum í lögmennsku. Í framsögu sinni um efnið gerði Anne Ramberg, framkvæmdastjóri sænska lögmannafélagsins, grein fyrir þeirri þróun sem átt hefur sér stað á stærð og starfsemi lögmannsstofa í Svíþjóð undanfarin ár. Þar hefur miðlungsstórum og stórum lögmannsstofum fjölgað á kostnað einyrkja og þjónusta lögmannna hefur í vaxandi mæli færst úr málflutningi yfir í ráðgjöf, sérstaklega á sviði viðskipta- og fjármálalögfræði. Benti Anne á að um leið og þessi þróun hafi leitt til aukinnar hættu á hagsmunaárekstrum hafi gætt vissar eftirgjafar gagnvart kröfu um trúnaðarskyldu þar sem lögmennt skýldu sér gjarnan á bak við svokallaða „Kínamúra“, þegar gætt væri andstæðra hagsmuna innan sömu stofu. Taldi hún að við þessari þróun yrði að bregðast enda trúverðugleiki lögmannna í hættu. Nú þegar væri þrengt verulega að trúnaðarskyldu lögmannna af hálfu ríkisvaldsins m.a. með hertum reglum um aðgerðir gegn peningþvætti, lögum um varnir gegn hryðjuverkum o.fl. Trúnaðarsamband væri ekki eingöngu milli lögmanns og skjólstaðings heldur einnig á milli lögmanns og samfélagsins. Mikilvægt væri að sömu reglur giltu um þjónustu lögmannna, hverrar tegundar sem hún væri, enda væri trúnaður grundvallaratriði í samskiptum lögmanns og skjólstaðings. Norrænu lögmannafélagin mættu ekki gefa slík grundvallar „prinsipp“ eftir og nauðsynlegt væri að skilgreina betur í síðareglum félaganna í



Ingimar Ingason

framkvæmdastjóri
LMFÍ

hverju hagsmunaárekstrar væru fólgnir. Mætti í því sambandi taka mið af því sem fram kæmi í drögum að breyttum síðareglum sem unnið væri að innan CCBE.

Fram kom í máli fulltrúa finnska lögmannafélagsins að innan þess hefði þegar farið fram nokkur umræða um að auknar kröfur til lögmannna í tengslum við hættu á hagsmunaárekstrum m.a. með strangari ákvæðum í síðareglum. Einnig kom fram að norska lögmannafélagið hafi þegar gefið út leiðbeiningar um efnið til

sinna félagsmanna en þar í landi hafi einnig nokkrar af stærri lögmannsstofum haft frumkvæði að setningu vinnureglna þar sem lagðar væru línur í tengslum við hagsmunaárekstra.

Stjórnun lögmannsstofa

Anders Ryssdal, nýkjörinn formaður norska lögmannafélagsins, hafði framsögu um stjórnun lögmannsstofa. Benti Anders á að allra jafna stæðu lögmennt vel að stjórnun lögmannsstofa út á við, þ.e. gagnvart skjólstaðingum. Hins vegar vantaði víða töluvert upp á innri stjórnun stofa, t.d. gerð viðskiptaáætlana, fjárfstýringu, faglega samsetningu starfsfólks, þjálfun þess o.fl. Við undirbúning opunar lögmannsstofu væri að mörgu að hyggja, auk þess sem lögmennt yrðu að vera opnir fyrir faglegum og rekstrarlegum breytingum og nýjungum í daglegum rekstri stofanna. Fram kom í umræðum um málefnið að vandamál tengd rekstri lögmannsstofa lægju fyrst og fremst hjá einyrkjum og smærri stofum, þar sem lögmennt hefðu tilhneigingu til að sjá um alla hluti sjálfir, þ.e. hefðu ekki starfsmenn til að sinna þessum málum eða keyptu slíka þjónustu utan frá. Þetta hefði oftast en ekki hamlandi áhrif á faglega þróun hlutaðeigandi lögmannna. Einnig kom fram að umbóta væri víða þörf í samskiptum eigenda



– og engin þörf á „málamiðlun“



DATA COPY

- fjölnotapappír er ávallt jafn hvítur og sléttur.
- öruggur í allar gerðir skrifstofuprentara,
- ljósritun, bleksprautu og laserprentun.
- vistvænn og aldursþolinn (ISO 9706).



hvitlist

PAPPÍR TIL PRENTUNAR

Krókhálsi 3 - 110 Reykjavík - Sími: 569 1900
Fax: 569 1901 - Netfang: hvitlist@hvitlist.is



„hverrar krónu virði“

og fulltrúa á lögmannsstofum sem og í samskiptum eldri og reyndari innanhússlögmanna gagnvart þeim yngri sem kæmu nýir inn. Brýnt væri að kynna siðareglur og mikilvægi þeirra fyrir yngri lögmönnum og þeim grunvallaratriðum sem gilda um störf og samskipti lögmanna og skjólstaðinga. Fram kom að danska lögmannafélagið hefur nýlega tekið upp að bjóða litlum og miðlungsstórum stofum upp á ráðgjöf við gerð viðskiptaáætlana og er jafnframt að vinna að upplýsingariti um atriði sem huga þarf að við stofnun lögmansstofa.

Hugmyndir um afnám einkaréttar lögmanna til málflutnings

Þriðja málefnið sem tekið var fyrir á fundinum snéri að hugmyndum Evrópuráðsins að setningu reglna um starfsemi lögmanna, m.a. út frá samkeppnislegum forsendum, þar sem komið hefur til tals að afnema einkarétt lögmanna til málflutnings. Í máli Sys Roving Kock, formanns danska lögmannafélagsins og Henrik Rothe, framkvæmdastjóra félagsins, kom m.a. fram að ljóst væri að lögmenn þyrftu að fara í vissa naflaskoðun

- ekki aðeins út frá því hvernig þeir líta á sig heldur hvernig markaðurinn lítur á lögmenn. Skilgreina þyrfti betur þær grundvallarreglur sem gilda um störf lögmanna og gera viðeigandi breytingar á siðareglum. M.a. þyrfti að gera strangari kröfur til lögmanna um kostnaðarupplýsingar til skjólstaðinga í tengslum við störf þeirra auk upplýsingastreymis um stöðu mála og framþróun. Einnig mætti hugsa sér staðlaða uppsetningu á tiltekinni þjónustu sem yrði sem slík verðlögð fyrirfram. Hins vegar bentu frummælendur á að kæmi til þess að einkaréttur lögmanna yrði afnuminn þyrfti slíkt alls ekki að hafa í för með sér vandamál fyrir lögmenn, staðu þeir sig á annað borð í samkeppni við aðra sem byðu upp á slíka þjónustu. Hins vegar þyrftu lögmannafélögin að mæta hugsanlegri samkeppni með markvissri endurmenntun og ráðgjöf, með því að standa vörð um þær grundvallarreglur sem hingað til hafa gilt í lögmennsku, ásamt skýrum siðareglum og með virku innra eftirlits- og agakerfi lögmannafélaganna. Lögmannafélögin gætu best verndað lögmannstitilinn með því að tryggja að aðeins þeir sem uppfylla þau skilyrði sem félögin setja, fái að nota titilinn. Bent var á þessu sambandi að einkaréttur lögmanna væri ekki til staðar í Svíþjóð en reynslan sýndi að almennt væri þó leitað til lögmanna, þ.e. félagsmanna sænska lögmannafélagsins, þar sem þeir hafi áunnið sér traust fyrir fagleg vinnubrögð.

Samstarf lögmannafélaga

Fjórða umræðuefnið á fundinum snéri að þátttöku norrænu lögmannafélaganna í CCBE - samtökum evrópskra lögmannafélaga og IBA – alþjóðlegu lögmannasamtökum og hvernig samstarfi norrænu lögmannafélaganna væri best borgið út frá sameiginlegum áherslum. Kari Lautjarvi, formaður finnska lögmannafélagsins, gerði grein fyrir fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á starfsemi IBA sem kynntar yrðu á aðalfundi samtakanna í Auckland á Nýja Sjálandi í október n.k. Kari benti jafnframt á að þó svo samstarf norrænu lögmannafélaganna væri mikilvægt á vettvangi IBA væri slíkt samstarf ennþá mikilvægara innan CCBE, sem væri vettvangur sífellt vaxandi þáttar Evrópusambandsins í ákvarðanatöku og reglusetningu í málefnum lögmanna og skjólstaðinga þeirra. Stækkun ESB og samsvarandi fjölgun aðildarfélaganna CCBE undirstrikaði enn frekar mikilvægi samvinnu norrænu lögmannafélaganna og hugsanlega Eystrasaltslandanna þegar fram líða stundir, við að hafa áhrif í framgang og stefnu-mótun CCBE.



Þjónusta fyrir skiptastjóra

Bókhaldsstofan ehf hefur sérhæft sig í bókhaldsrannsóknum á þrotabúum. Leitið upplýsinga.



BÓKHALDSSTOFAN ehf

Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði,
sími 565-5155, magnus@vidskiptastofan.is



ÖRUGG FRAMTÍÐ Í OKKAR HÖNDUM

Hlutverk Sameinaða lífeyrissjóðsins er að tryggja fjárhagslegt öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna í framtíðinni.

Kynntu þér þjónustu okkar á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.

Framtíðin er örugg í okkar höndum.

Hverfandi landamæri lögmennskunnar

Það er ótrúlega stutt síðan íslenskir lögmennt gátu unnið alla sína starfsævi án þess að eiga í samskiptum við erlenda aðila og það er ótrúlega stutt síðan lögfræðingar sáu enga ástæðu til að sækja meiri menntun út fyrir landssteinana – þeir þurftu einfaldlega ekki á því að halda.

Nú er lögfræðilegt landslag gjörbreytt og lögmenntan er, með aukinni alþjóðavæðingu, sífellt minna háð landamærum, landfræðilegum sem viðskiptalegum. Fjölmargir ungrir lögfræðingar sækja framhaldsnám erlendis á ári hverju, starfandi lögmennt sækja námskeið í auknum mæli út fyrir landssteinana og afla sér jafnvel lögmannsréttinda í öðrum löndum. Sérhæfing lögmannna eykst, alþjóðlegar lögfræðikeðjur eru að festa sig í sessi og lögmannsstofur leggja sífellt meiri áherslu á að geta veitt viðskiptavinum sínum þjónustu hvar sem er í heiminum. Landamæri lögmenntunnar eru óðum að hverfa.

Lögmannablaðið ræddi við Gunnar Sturluson hrl., um alþjóðleg samskipti milli lögmannsstofa og Baldvin Björn Haraldsson hdl., sem er með lögmannsréttindi í Frakklandi. Einnig fékk blaðið Ásgeir Á. Ragnarsson hdl., sem er með lögmannsréttindi í New York, til að skrifa um með hvaða hætti slík réttindi nýtast og Karl Georg Sigurbjörnsson hrl., skrifar um námskeið fyrir verjendur sem hann sækir um þessar mundir hjá Alþjóðlega sakamáladómstólnum sem nú er að taka til starfa í Haag.

„Leitum meira til samstarfsaðila erlendis en þeir hingað.“

Viðtal við

Gunnar Sturluson, hrl.,
framkvæmdastjóra LOGOS

Áheimasíðu LOGOS segir að það sé mikilvægur þáttur í starfi stofunnar að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum upp á lögfræðisþjónustu tengda alþjóðlegum viðskiptum, hvort sem um er að ræða þjónustu við íslensk fyrirtæki erlendis eða þjónustu við erlend fyrirtæki á Íslandi. LOGOS er aðili að tveimur alþjóðasamtökum lögmannsstofa, Lex Mundi og TerraLex, og í samtali við Lögmannablaðið sagði Gunnar Sturluson hrl., framkvæmdastjóri, ástæður þess að þeir væru í tveimur samtökum sögulega;

„LOGOS varð til við samruna tveggja lögmannsstofa og við vildum ekki missa það tengslanet sem búið var að mynda við aðila í báðum þessum samtökum. Við sáum að Lex Mundi var með öflugri tengsl í löndum þar sem TerraLex var ekki til staðar og svo öfugt. Þessi samtök eru hins vegar lík að mörgu leyti og byggð upp á sömu hugmyndafræði.“

Hvernig er samskiptum við samtökin háttað?

„Í gegnum þessi samtök höfum við aðgang að lögmenntum um allan heim sem við getum treyst á að séu góðir. Bæði þessi samtök vanda mjög valið á samstarfsaðilum sínum og gera miklar gæðakröfur. Má í þessu sambandi nefna að á fimm ára fresti eru gæði stofanna hjá Lex Mundi könnuð, m.a. með því að hafa samband við viðskiptavinum og félaga í samtökunum sem hafa reynslu af viðkomandi stofu. Stofur sem uppfylla ekki lengur staðla er gert



Er mikil ágóði af því að vera í þessum alþjóðlegu samtökum?

„Það er erfitt að meta það beint til fjár en það er kostnaðarsamt að vera í þeim. Við greiðum vissst árgjald fyrir að vera í samtökunum auk þess sem við þurfum að mæta á ársfundi, fundi félaga í Evrópu og framkvæmdastjórárfundi. Þessar ferðir eru nokkuð kostnaðarsamar. Fundirnir eru hins vegar einnig fræðslufundir þannig að við lærum mikið á þeim auk tengslanna sem myndast. Það eru alltaf fyrirlestrar um ákveðin málefni og svo umræðuhópar þar sem miðlun upplýsinga er mikil. Innan félaganna eru einnig faghópar sem taka fyrir t.d. félagarétt, bankarétt og fleira. Auðvitað fáum við einhver verkefni út á þessi alþjóðlegu tengsl.

Hagsmunir okkar, og viðskiptavina LOGOS, eru meiri af því að eiga aðgang að samstarfsaðilum erlendis heldur en að erlendir aðilar séu að leita til okkar.

Samtökin eru t.d. með á heimasíðu sinni leiðbeiningar um hvernig á að eiga viðskipti við fyrirtæki í öðrum löndum og ef viðskiptavinur okkar hyggst stofna fyrirtæki í einhverju aðildarlandanna þá höfum við aðgang að upplýsingum um það. Við höfum oft leitað eftir ráðgjöf í útlöndum fyrir viðskiptavinum okkar. Þörfin á því hefur fæst í vöxt, ekki síst með auknum umsvifum íslenskra fyrirtækja í útlöndum. Við höfum einnig aðgang að svokölluðu „Free advice policy“ en lögmannsstofunum er gert að veita systurstofum sínum ókeypis ráðgjöf upp að vissu marki. Við höfum einnig þurft að fá upplýsingar með stuttum fyrirvara, t.d. svör við flóknum spurningum varðandi skattarétt og Evrópurétt, sem bárust á innan tveggja daga frá félagsmönnum á Norðurlöndum, í Bretlandi, Þýskalandi og Hollandi svo þetta er öflug samvinna,“ sagði Gunnar að lokum.

að hætta aðild. Samtökin hafa lista yfir samstarfsaðilana og ef við þurfum að hafa samskipti við einhvern þeirra þá höfum við beint samband við þá. Síðan er hverju aðildarfélagi gert að mæta á árlega fundi sem eru mjög gagnlegir.“

Geta lögmannsstofur sótt um aðild að þessum samtökum?

„Í raun gilda þær reglur að það sé aðeins ein stofa í hverri borg, eða hverju fylki, í samtökunum. Ef samtökin vilja fá samstarfsaðila þá auglýsa þeir eftir tilnefningum og athuga mjög gaumgæfilega þá sem koma til greina. Þannig verður þetta ákveðinn gæðastaðall að vera í samtökunum. Bæði þessi samtök eru upprunnin í Ameríku og hafa aðalstöðvar sínar þar en þau eru mjög alþjóðleg.“

Nú virðast þessi tvö samtök svipuð, er samkeppni milli þeirra og eru margir í þeim báðum?

„Vissulega er einhver samkeppni á milli þeirra og það eru ekki margir í báðum samtökunum. Það hefur oft verið rétt innan þeirra beggja að skilyrða þátttöku við að lögmannsstofur séu einungis í þeim en ekkert orðið úr því. Hins vegar er talsvert um að fyrirtæki hætti í þeim vegna þess að alþjóðlegar lögfræðikeðjur eru að kaupa þær upp og sameina þær sínum rekstri. Þetta hefur gerst á meginlandi Evrópu á síðustu árum.“

Tvö skrifstofuherbergi til leigu

Að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi eru til leigu tvö skrifstofuherbergi.

Leiga þess stærra er kr. 35.000 en hins kr. 20.000. Á staðnum eru starfandi þrír lögmennt. Allt sameiginlegt fylgir.

Upplýsingar veitir Ólafur Sigurgeirsson, hrl. í sínum 562 1697, 561 6151 eða 892 1165.

**Virðingarfyllst,
Ólafur Sigurgeirsson, hrl.**

„Mikilvægt að hleypa heimdraganum“



Viðtal við Baldvin
Björn Haraldsson hdl.

Baldvin Björn Haraldsson hdl. er einn af eigendum Lögmansstofunnar Landwell sem er hluti af alþjóðlegri keðju lögmansstofa. Landwell sérhæfir sig í alþjóðlegum viðskiptum en árið 1998 fékk Baldvin Björn lögmansréttindi í Frakklandi. Baldvin var fyrst spurður af því hvers vegna hann hafi viljað afla sér lögmansréttinda í Frakklandi;

„Það var þannig að á árunum 1995 til 1997 stundaði ég framhaldsnám í París. Á námstímanum kynntist ég breskum lögmanni að nafni Christopher Mitchell-Heggs sem rak lögmansstofu í París og starfaði mikið fyrir ríkisstjórnir í Afríku. Hann bauð mér aðstoðu á skrifstofunni gegn því að ég aðstoðaði hann við lögmansstörfin. Ég fór í tengslum við störfin þarna að skoða heimildir til að veita lögfræðilega ráðgjöf í Frakklandi, í krafti lögmansréttinda frá Íslandi. Þetta leiddi svo til þess að ég þreytti prófin og fékk réttindin í júlí 1998.“

Hvernig gekk ferlið fyrir sig í Frakklandi, var þetta erfitt nám?

„Þegar ég hafði kynnt mér málið kom í ljós að samkvæmt reglum ESB gat maður með lögmansréttindi frá Íslandi tekið „examen d’aptitude“ það er hæfnispróf, til að öðlast réttindi til málflutnings fyrir frönskum dómstólum. Ég hugsaði sem svo að þetta gæti ekki verið flókið og óskaði eftir því við samband lögmannafélaga í Frakklandi að fá að þreyta prófið. Þar fékk ég þau svör að í fyrstu þyrfti ég að útvega nákvæmar upplýsingar – á frönsku – um efnisinnihald náms míns í lagadeild HÍ. Þá þyrfti ég einnig að láta þýða nokkra laga-

bálka og að lokum að skýra nokkuð nákvæmlega út réttarkerfið á Íslandi. Þess þurfti til að sambandið gæti áttað sig á því hvar skildi helst milli íslenska og franska réttarkerfisins en prófin skyldu vera úr þeim fögum þar sem mest bar á milli. Eftir að þessar upplýsingar lágu fyrir var ég boðaður á langan símafund með prófanefnd sambandsins. Á fundinum var rætt um íslensk lög og mikið var rætt um vinnurétt. Þótti mönnum í nefndinni greinilega ekki mikið til íslensks vinnuréttar koma og mér var tjáð að ekki væri til vinnuréttur á Íslandi! Niðurstaða nefndarinnar var að ég þyrfti að þreyta próf í vinnurétti, stjórnslurétti og siðareglum lögmanna (sambandið virtist af einhverjum ástæðum telja siðareglum lögmanna áfátt á Íslandi). Uppsetning prófanna var þannig að þau voru munnleg og spyrjendur voru einn dómari við áfrýjunardómstól Parísar, einn prófessor í lögum og einn fyrrverandi formaður lögmannafélags Parísarborgar. Við fengum miða 15 mínútum fyrir próf með einni raunhæfri spurningu og átum að svara henni. Það var þó aðeins lítil hluti af prófinu en stærstur hluti prófsins var í formi samræðna (rifrildis) milli nemanda og kennara. Þetta kom alveg flatt uppá mig í fyrsta prófinu – siðareglum lögmanna – og má segja að ég hafi verið tekinn í gegn í þessu prófi. Ég kom



Það var hátíðleg stund þegar Baldvin Björn sór eið fyrir framan dómara í Frakklandi.

betur undirbúinn í hin prófin og mætti þá með kjaftbrúk og virtist það fara vel í menn. Lenti reyndar í miklu rifrildi við prófessorinn í vinnuréttarprófinu um heimildir atvinnurekanda til að reka ófrískar konur úr starfi. Ég taldi okkur hafa skilið jafna en var ekki alveg viss um hvort hann væri sama sinnis. Ég kunní eiginlega ekki nógu

mikið í frönsku til að vera viss! Seinni prófin gengu þó betur svo þetta slapp allt saman.“

Varstu áður kominn með réttindi á Íslandi?

„Já, ég fékk réttindi til málflytninga fyrir hér- aðsdómi árið 1994. Ég man að þegar við fengum réttindin okkar í París var það við hátíðlega athöfn í dómsal áfrýjunarréttar Parísar (Cour d'appel) sem eru glæsileg salarkynni. Við urðum að vera klædd í skikkjurnar sem lögmenn bera við málflytning í athöfninni og við sórum eið fyrir framan dóminn. Mér hefur alltaf fundist að gera mætti meira úr athöfninni sjálfri hér heima, þ.e. þegar lögmenn taka við skírteinum sínum.“

Starfaðir þú sem lögmaður í Frakklandi í einhvern tíma?

„Nei, ég var aldrei staðsettur í Frakklandi eftir að ég fékk réttindin í París en hef mikið verið í



Eftir að hafa svarið eiðinn í dómssalnum veittu lögmenn skírteinum viðtöku í sal franska lögmannafélagsins.

tengslum við Frakkland síðan og fer þangað mjög reglulega.“

Er lagaumhverfið í Frakklandi ólíkt því sem við eigum að venjast?

„Að vissu leyti er það ólíkt. Áður en Napóleon lét semja Code Civil í byrjun 19. aldar var Frakkland skipt upp í Civil Law svæði í norðri og Common Law svæði í suðri. Nú á dögum er Frakkland með Civil Law kerfi eins og er á Íslandi. Þó má segja að lögin á vissum réttarsviðum séu nokkuð ólík íslenskum lögum. Sérstaklega má nefna að vinnuréttur er frábrugðinn því sem gerist á Íslandi en réttindi launþega í Frakklandi eru nokkuð viðtækari en gerist hér.

Stéttarfélög í Frakklandi eru enda stórt áhrifaafli í frönskum stjórnámálum. Þá er franskur stjórn- sýsluréttur nokkuð frábrugðinn íslenskum stjórn- sýslurétti. Í Frakklandi eru sérstakir stjórn- sýslu- dómstólar til hliðar við almenna dómstóla sem taka á einkamálum og opinberum málum. Þrjú dómstig eru innan stjórn- sýslunnar – allt upp í hæstarétt í stjórn- sýslumálum (Conseil d'Etat). Stjórn- sýsluréttur í Frakklandi er líka efnislega frábrugðinn einkamála- og opinberum rétti þar sem hann byggist meira upp á fordæmum en skrifuðum lögum.“

Hvað með lögmannsstarfið milli þessara tveggja landa, gilda sömu lög mál um það?

„Að mörgu leyti er lögmannsstarfið líkt því sem gerist á Íslandi. Lögmenn í Frakklandi lifa við meira regluverk en við gerum hér á Íslandi. Lögmenn eru einnig með mjög sterk stéttarfélag í Frakklandi og hef ég fengið nokkrar tilkynningar um að lögmenn ætli í mótmælagöngur vegna breytinga sem verið er að ræða á lögum eða reglum um lögmenn. Ég hef nú ekki orðið svo frægur að mæta í eina slíka enn, hvorki í Frakklandi né á Íslandi – ég man nú ekki í svipinn eftir síðustu mótmælagöngu lögmanna á Íslandi!“

Hefur þú þurft að nota þessi frönsku lögmannsréttindi eftir að þú fluttir aftur til Íslands?

„Þau hafa nýst mér að mestu leyti við að afla mér viðskipta frá fyrirtækjum sem tengjast Frakklandi á einhvern hátt. Einstaklingar hafa einnig mikið

leitað til mín vegna skilnaðarmála en einhvern veginn virðast hjónabönd Íslendinga og Frakka ekki vera traustasta stoð samfélagsins. Ég tók eitt slíkt mál að mér þegar ég var nýlega kominn til Íslands og hef ekki viljað taka slíkt aftur að mér.“

Myndir þú mæla með því við lögmenn að þeir öfluðu sér einnig lögmannsréttinda í öðrum löndum?

„Já, hiklaust – mér hefur fundist maður geta litið á íslensku lögin útfrá örlítið öðrum sjónarhóli eftir að hafa lært um lög annars lands. Þar að auki gefur það manni ágæta innsýn í menningu annars lands að þurfa að læra lög þess. Svo er bara mikil- vægt að hleypa heimdraganum.“

Ásgeir Á. Ragnarsson hdl.

Reynsla af lögmansréttindum í NY



Ritstjóri Lögmanna-
blaðsins hefur beðið
mig að fjalla um
reynslu mína af lög-
mannsréttindum í
New York og hvernig
slík réttindi kunni að
nýtast lögmönnum á
Íslandi.

Starfsumhverfi íslenskra lögmanna er breytt. Hvort sem um er að ræða sifjamál, sakamál, skattamál eða fyrirtækjaráðgjöf, krafan er sú að menn viti sínu viti á því sviði sem þeir starfa á. Generalisminn er á undahaldi. Þetta er þróun sem átt hefur sér stað allt í kringum okkur á undanförunum árum og áratugum. Við erum e.t.v. aðeins á eftir, kannski vegna þess hversu fá við erum og hve lítill markaðurinn er. Hver sem skýringin kann að vera þá er staðreyndin sú að umbjóðendur okkar gera sífellt meiri kröfur um sérþekkingu og skjóta afgreiðslu mála. Eitt af þeim sviðum lögfræðinnar sem hefur tekið hvað mestum breytingum á undanförunum árum er lögfræðileg ráðgjöf til fyrirtækja. Útrás íslenskra fyrirtækja og innrás erlendra fyrirtækja hefur leitt til þess að gerðar eru kröfur til lögmanna um að þeir sjái út fyrir heimahagann. Alþjóðleg viðskipti hirða ekki lengur um landamæri eða landsvæði. En er lögmennskan orðin sama marki brennd?

Alþjóðleg þróun

Innan Bandaríkjanna er þróunin í þá átt að viðurkenna réttindi lögmanna milli ríkja í auknum mæli. Lögmannafélag Bandaríkjanna, American Bar Association, hefur lagt til að lögmenn geti í auknum mæli fylgt málum umbjóðenda sinna eftir utan þeirra ríkja þar sem þeir hafa viðurkennd lögmansréttindi. Í Evrópu er þróunin einnig í þessa átt.

Stærri lögmansstofur í kringum okkur, sérstaklega í Bandaríkjunum og í Bretlandi, eru orðin alþjóðleg fyrirtæki. Jafnvel með starfsemi í nokkrum heimsálfum. Þær gera kröfur um að lögmenn þeirra geti veitt viðskiptavinum sem víðtækasta ráðgjöf í sem flestum löndum, enda eru stærstu viðskiptavinir þeirra með starfsemi út um allan heim.

Samrunar og kaup fyrirtækja

Ísland hefur á undanförunum árum orðið vettvangur alþjóðlegra samruna fyrirtækja. Þekkt er útrás íslenskra fyrirtækja sem oftast en ekki fela í sér kaup á erlendum fyrirtækjum, hvort sem það eru fjármálastofnanir, lyfjafyrirtæki, rannsóknarfyrirtæki, smásölu- eða matvælafyrirtæki svo dæmi séu nefnd. Þá hafa erlend fyrirtæki í auknum mæli sýnt íslenskum fyrirtækjum áhuga. Í slíkum tilfellum eru viðskiptin og samningar sífellt að verða flóknari og viðameiri. Mikið er notast við engilsaxnesk form (stundum kallað "NY style" eða "UK style"). Kollegar okkar á Norðurlöndum tala um sömu þróun. Reyndar er það svo að sum fyrirtæki á Norðurlöndunum sem stefna á alþjóðamarkað hafa tekið upp á því að hafa samningana, fundargerðir og önnur mikilvæg gögn fyrirtækisins á enskri tungu til að auðvelda erlendum fjárfestum eða samstarfsaðilum aðkomu síðar meir. Staðgöð þekking á réttarkerfum aðila viðskiptanna er mikilvæg eða jafnvel nauðsynleg í slíkum tilvikum.

Sem dæmi má nefna nýleg kaup International Business Machines, Inc., (IBM), New York á ráðgjafahluta PricewaterhouseCoopers, Ltd., UK. Gerður var rammisamningur (Master Stock and Purchase Agreement) milli aðilanna um heildar kaupin. Honum til fyllingar voru gerðir staðbundnir kaupsamningar (Local Purchase Agreements) í nokkrum tugum landa, þ.m.t. á Íslandi. Um síðarnefndu samninga giltu lög hvers lands. Samræma þurfti samningana að teknu tilliti til mismunandi réttarreglna í New York og á Íslandi.

Í yfirtökubóði ResMed, Inc. í Flögu hf. (nú Medicare Flaga hf.) í byrjun árs 2003 reyndi á mismunandi reglur sem giltu um samruna og yfirtökur annars vegar og útboð hins vegar. Þar sem

ResMed, Inc. var skráð í kauphöllinni í New York (NYSE) þurfti félagið að hlíta ströngum reglum um upplýsingaskyldu við hugsanlegt yfirtökutilboð. Þá voru takmarkandi reglur um þær leiðir sem fara mátti við slíka tilboðsgerð til að það flokkaðist ekki undir útboð, skv. reglum verðbréfaeftirlitsins í Bandaríkjunum (SEC). Framsetning tilboðsins réði einnig skattameðferð þeirra aðila sem tengdust kaupunum. Gjörólíkar reglur giltu hérlandis um þessi atriði og því nauðsynlegt að samræma tilboðið að teknu tilliti til réttarreglna í Bandaríkjunum og á Íslandi.

Það eru því ágætis líkur á að lögmansréttindi í New York eða annars staðar geti gefið íslenskum lögmönnum tækifæri og verkefni sem þeir kannski annars hefðu ekki fengið.

Fjármögnunarsamningar og alþjóðlegir viðskiptasamningar

Íslenskir bankar og fyrirtæki leita í auknum mæli að fjármögnun til útlanda að hluta eða í heild. Ríkar kröfur eru gerðar til samninga og frágangs við slíka fjármögnun. Hefur þróunin verið í þá átt að notast við enskar fyrirmyndir og form enda oft leitað fanga þangað við fjármögnun að einhverju leyti. Eins og íslenskir lögmenn þekkja eru þetta oft á tíðum löng og óþjál form, enda vilja fjármögnunaraðilar yfirleitt hafa bæði belt og axlabönd við lánveitingar sínar. Oft er að finna flóknar skilgreiningar og hugtök í þessum samningum. Mikilvægt er að ensk hugtök og skilgreiningar falli að sambærilegum hugtökum og skilgreiningum í íslenskri lögfræði og að ekki gæti misskilnings. Staðgóð þekking á hugtakanotkun og skilgreiningum í þessum réttarkerfum getur þá skipt sköpum.

Þegar Bakkavör Group hf. seldi sjávarútvegs-hluta sinn í sjö löndum til stjórnenda félagsins á liðnu sumri komu m.a. að málinu innlendir og erlendir fjárfestingarbankar, þ.m.t. breskir. Varð frágangur, samningar og skjöl að uppfylla kröfur í líkingu við það sem gerist á alþjóðamörkuðum til

að uppfylla kröfur við fjármögnunarsamninga í London, þrátt fyrir að seljendur, kaupendur og aðalfjárfestingarbankinn í þeim viðskiptum væru íslenskir.

Bandarísk löggjöf er einnig farin að hafa bein áhrif á íslenskt viðskiptalíf með tilkomu Sarbanes-Oxley laganna. Á grundvelli þeirra þurfa íslensk endurskoðunarfyrirtæki, sem endurskoða fyrirtæki eða hlutdeildarfyrirtæki sem skráð eru í kauphöllum New York fylkis, að skrá sig hjá Public Company Accounting Oversight Board og uppfylla fjölmörg skilyrði í bandarískri löggjöf.

Íslenskir bankar eru einnig farnir að starfa í auknum mæli með fyrirtækjum í Bandaríkjunum og þurfa æ meira á lögfræðilegri ráðgjöf að halda varðandi ýmiss atriði sem snerta bæði innlenda og bandaríska löggjöf.

Það eru því ágætis líkur á að lögmansréttindi í New York eða annars staðar geti gefið íslenskum lögmönnum tækifæri og verkefni sem þeir kannski annars hefðu ekki fengið. Þörf fyrir íslenska lögmenn með alþjóðlega reynslu, menntun eða lögmansréttindi mun aukast verulega á komandi árum.



Pú getur fengið þá á netinu!

www.pmt.is

ALLAR GERÐIR STIMPLA


last miðar & tæki ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

Karl Georg Sigurbjörnsson hrl.

Alþjóðlegi sakamála-dómstólinn frá sjónarhorni verjenda



Undirritaður varð þeirrar gæfu aðnjótandi að fá styrk í gegnum Lögmannafélag Íslands til að setjast á námskeið á vegum CCBE (the Council of Bars and Law Societies of the European Union) og ERA (the Academy of European Law in Trier, Germany) með styrk frá framkvæmdaráði Evrópubandalagsins.

Námskeiðið er til þess ætlað að þjálfja verjendur í að koma fram fyrir hinum Alþjóðlega sakamáladómstóli (International Criminal Court eða ICC) sem nú er að taka til starfa og er með aðsetur í Haag í Hollandi. Tilgangurinn með námskeiðinu er að þjálfja verjendur í alþjóðlegum refsirétti og í þeim formreglum sem gilda fyrir ICC til að hægt sé að kalla til verjendur sem þekkja gangverk dómstólsins þegar hann tekur til starfa. Megináhersla við val á verjendum á námskeiðinu eru starfandi lögmenn frá austur- og mið Evrópu en til að byggja upp tengslanet milli lögfræðinga í Evrópu eru teknir lögmenn á námskeiðið frá Evrópubandalagslöndunum. Verjendurnir voru valdir af viðkomandi lögmannafélögum í hverju landi fyrir sig og voru valdir 98 lögmenn til að sitja námskeiðið, 16 lögmenn koma frá Evrópubandalagslöndunum og 82 koma frá austur- og mið Evrópu.

Námskeiðið er tvíþætt. Í fyrsta lagi er það byggt upp til að þjálfja þátttakendur með fyrirlesturum, verkefnum og vinnuhópum. Heim-

sóknum til þeirra alþjóðlegu dómstóla sem eru starfandi s.s. dómstólinn fyrir fyrrum Júgóslavíu og ICC. Heimsóknum frá dómurum við dómstólana fyrir Rwanda og Sierra Leone. Einnig eru þjálfunarréttarhöld sett á svið (moot-court exercises). Í öðru lagi er tilgangurinn með námskeiðinu að byggja upp vefaðgang fyrir alþjóðlegan sakamálarétt og kennslufni fyrir verjendur fyrir ICC sem hægt er að nota síðar sem þjálfunarefni hvar sem er í heiminum fyrir lögfræðinga sem hafa áhuga á að kynna sér gangverk dómstólsins og komast á lista hjá honum sem hæfir starfandi verjendur fyrir ICC.

Námskeiðinu er skipt í fjóra hluta og tekur tvö ár að ljúka því. Öðlast þátttakendur rétt til að sækja um að komast á lista yfir hæfa verjendur fyrir dómstólnum að því loknu. Þátttakendur fara fjórum sinnum til Trier í Þýskalandi og Haag í Hollandi og sitja námskeiðið. Hvert námskeið tekur fimm daga. Fyrsti hluti námskeiðsins, sem var haldinn í lok árs 2003, var kynning á alþjóðlegum sakamálarétti, kenningum um alþjóðlegan sakamálarétt, sögu alþjóðlegs refsiréttar og saksókn á vegum alþjóðlegra sakamáladómstóla s.s. Nuremberg, Japan, dómstólinn fyrir fyrrum Júgóslavíu, Rwanda dómstólinn og dómstólinn fyrir Sierra Leone.

Annar hluti námskeiðsins, sem var í byrjun árs 2004, fjallaði um uppbyggingu ICC og lögsögu dómstólsins. Lögsaga ICC tekur til alvarlegustu dómstólsins. Lögsaga ICC tekur til alvarlegustu dómstólsins. Lögsaga ICC tekur til alvarlegustu dómstólsins. Lögsaga ICC tekur til alvarlegustu dómstólsins. Lögsaga ICC tekur til alvarlegustu dómstólsins. Lögsaga ICC tekur til alvarlegustu dómstólsins.

Þriðji og fjórði hluti námskeiðsins mun snúa að málarekstri fyrir ICC og byggjast upp á heimsóknum til dómstólsins og heimsóknum til starfandi dómstólsins fyrir fyrrum Júgóslavíu og fylgst með málflutningi í nokkrum málum þar og svo málflutningsæfingum fyrir þátttakendur.

Það sem er mjög áhugavert við námskeiðið er áherslan á sjónarhorn verjenda í svo alvarlegum málum sem alþjóðlegir glæpadómstólar taka á og ICC er ætlað á taka á í framtíðinni. Helstu vandamálin þar frá sjónarhóli verjenda eru vandamál sem starfandi lögmenn sem flytja opinber mál þekkja frá sínum heimalöndum. Vandamál sem snúa að ofurafli ríkisins gagnvart einstaklingunum sem eru sakborningar, takmörkuð fjárráð varnar-

innar, aðgangur varnarinnar að gögnum sóknarinnar, aðgangur varnarinnar að rannsóknnum sóknarinnar, tilhneiging sóknarinnar til að drekkja vörninni í gögnum, aðgangur varnarinnar að sakborningum og svo mætti lengi telja. Einnig má nefna að stærð þessara mála er þvílík að gera má ráð fyrir að þegar mál fer í gang fyrir ICC þá þurfi mörg hundruð lögmenn sem verjendur vegna eðli þessara mála þar sem þau gerast í stórum samfélögum og gríðarlega margir sem koma að málum. Einnig vegna þeirra reglna sem gilda um að vitni og fórnarlömb fái lögmannastöð. Gert er ráð fyrir að hver sakborningur hafi lið af lögmönnum

Það sem er mjög áhugavert við námskeiðið er áherslan á sjónarhorn verjanda í svo alvarlegum málum sem alþjóðlegir glæpadómstólar taka á og ICC er ætlað á taka á í framtíðinni.

sem koma að málsvörninni, þar sem allt að 12 lögmenn geti verið verjendur þeirra sem mestu sakir eru bornar á en hér geta komið til takmarkanir vegna fjárveitinga sem dómstóllinn veitir sakborningum til að verja sig.

Það er einnig áhugavert að kynnast grundvallarhugtökum í alþjóðlegum refsirétti, eins og t.d. hverjir geta verið sakborningar (authors of crimes). Yfirmannaábyrgðin eins og hún var skilgreind í Nuremberg réttarhöldunum, þar sem það var staðfest í alþjóðlegum sakamálarétti að ekki er hægt að fela sig lengur á bak við ríkið. Einstaklingarnir bera ábyrgðina, þeir fremja glæpina en ekki eitthvað óáþreifanlegt ríki. Yfirmannaábyrgðin er grundvöllurinn í dag fyrir alþjóðlegum sakamálarétti til að hægt sé að ná yfir glæpina og þá sem fremja þá.

Það er mikilvægt fyrir starfandi lögmenn að þeir fái tækifæri til að ræða við lögmenn sem hafa starfað við þessa alþjóðlegu sakamáladómstóla og eru margir hverjir virtustu málafærslumenn í heimi á sínu sviði en það virðist vera tilhneiging fyrir dómstólunum að velja breska málafærslumenn sem aðalverjendur.

Alþjóðlegur refsiréttur

Grundvallaratriði í refsirétti er að glæpurinn verður að vera refsiverður þegar hann er framinn (legality), lögin verða að vera skýr og ákveðin og á þetta að sjálfsgöðu við bæði í alþjóðlegu og innlendu umhverfi. Þessir alvarlegu glæpir hafa alltaf verið til en nú í seinni tíð hafa þeir verið lögfestir af fjölda ríkja sem refsiverðir verknaðir til að alþjóðasamfélagið geti brugðist við þeim þar sem oftast eru þeir framdir í innan ríkja sem ekki hafa áhuga né getu til að refsa þeim seku.

Réttarheimildirnar í alþjóðlegum refsirétti eru mjög óljósar og er blandað saman öllum laga-kerfum sem þekkjast í heiminum. Þetta er allt mjög pólitískt líka þar sem lögmenn og dómarmar, sem koma að framþróun alþjóðlegs sakamálaréttar, hafa haft tilhneingingu til að hampa því sem þeir hafa lært í sínum heimaríkjum. Með hinum fjölmörgu alþjóðlegu dómstólum sem hafa orðið til núna síðustu ár er kominn fram fjöldi dóma þar sem reynt hefur á öll helstu grundvallarhugtök in alþjóðlegum refsirétti.

Það hafa orðið til í heiminum tvenns konar sakamáladómstólar, annars vegar þeir sem hafa verið settir á fót með ályktunum frá Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, s.s. dómstóllinn fyrir fyrrum Júgóslavíu og dómstóllinn fyrir Rwanda og hins vegar ICC sem var stofnaður á grundvelli Rómarsáttmálans 17. júlí 1998.

Með tilkomu hinna alþjóðlegu sakamáladómstóla hafa verið stigin stór skref í framþróun alþjóðlegs sakamálaréttar og nú síðast með Rómarsáttmálanum um alþjóðlegan sakamáladómstól (ICC). Regluverk þessara alþjóðlegu dómstóla hefur verið í stöðugri þróun og nú síðast með löggjöfinni um ICC og reglum um málsmeðferð fyrir dómstólnum er orðið til mjög öflugt og ítarlegt regluverk sem er í senn mjög yfirgripsmikið, nákvæmt og töluvert flókið. Hægt væri í löngu máli að lýsa löggjöfinni og málsmeðferðarreglum sem gilda fyrir ICC en þess í stað vill ég benda á vefsíður sem geyma mjög ítarlegar og gagnlegar upplýsingar um alþjóðlegan sakamálarétt og alþjóðlegu dómstólana.

International Criminal Court: www.icc.int

International Criminal Law:

www.fo.unibo.it/spolfo/CRIMLAW

International Criminal Tribunal for the Former Yugoslavia: www.un.org/icty

International Criminal Tribunal for Rwanda: www.ict.rw

Golfmót sumarsins

Haldin voru þrjú innanfélagsmót og þrjár keppnir við aðrar starfsstéttir. Byrjað var á Opna Lundamótinu í Vestmannaeyjum föstudaginn 7. maí og leikin 18 holu punktakeppni. Leikar fóru þannig að Hörður Orri Grettisson GV (gestur), var í fyrsta sæti, Karl Ó. Karlsson GK, var í öðru sæti og Brynjar Þór Nielsson GR í þriðja sæti.

Minningarmót LMFÍ um þá Guðmund Markússon hrl., og Ólaf Axelsson hrl., fór fram í blíðskaparveðri á golfvelliinum í Þorlákshöfn föstudaginn 11. júní s.l. Þátttaka var góð eða alls 26 keppendur, þ.á.m. nafnarnir Markús Guðmundsson og Markús Markússon, faðir og bróðir Guðmundar Markússonar. Ennfremur tóku konur í lögfræðingastétt þátt í mótinu í fyrsta sinn, þær Ásdís J. Rafnar, hrl., Alma Sverrisdóttir lögfræðingur og Bergþóra Sigmundsdóttir lögfræðingur.

Úrslit urðu eftirfarandi:

Í keppni um Guðmundarbikarinn (án forgjafar)

1. Rúnar Guðmundsson hdl., 24 punktar
2. Guðmundur Sophusson sýslumaður, 20 punktar
3. Karl Ó. Karlsson hdl., 18 punktar

Í keppni um Óla Axels bikarinn (með forgjöf)

1. Karl Ó. Karlsson hdl., 39 punktar
2. Guðmundur Sigurðsson hrl., 33 punktar
3. Jóhannes B. Björnsson hdl. og Rúnar Guðmundsson hdl., 32 punktar

Karl Ó. Karlsson vann Óla Axels bikarinn annað árið í röð. Besta skor kvenna átti Bergþóra Sigmundsdóttir, 30 punktar með forgjöf.

Meistaramót LMFÍ árið 2004 fór fram í blíðskaparveðri á Akranesi föstudaginn 3. september en sem fyrr voru Sjóvá Almennar styrktaraðili mótsins. Alls mættu 33 lögmenn til leiks og nutu dagsins á frábærum velli og í góðum félagskap.

Þrátt fyrir þessar góðu aðstæður var árangur



Verðlaunahafar minningarmótsins. F.v. Bergþóra Sigmundsdóttir, Jóhannes Bjarni Björnsson, Karl Ó. Karlsson, Rúnar Guðmundsson og Guðmundur Sophusson.

fremur lélegur með nokkrum ánægjulegum undantekningum. Eftir lok keppni var snæddur kvöldverður og verðlaun afhent. Þessir unnu til verðlauna:

Án forgjafar

1. Gísli G. Hall hdl., 79 högg
2. Rúnar Gíslason hdl., 82 Högg
3. Rúnar Guðmundsson hdl., 85 högg

Með forgjöf

1. Gísli H. Hall hdl., 73 högg
2. Rúnar S. Gíslason hdl., 77 högg
3. Rúnar Guðmundsson hdl., 77 högg

Golfmeistari lögmanna árið 2004 var því Gísli G. Hall og vinnur hann þennan titil nú í fyrsta sinn eftir margar atrennur. Jafnframt voru veitt verðlaun fyrir upphafshögg næst holu á tveimur brautum. Þar voru nákvæmastir og beinskeyttastir þeir Jón Ólafsson hrl. og Jóhannes Bjarni Björnsson hdl.

Starfsstéttamótin

Byrjað var á leik við tannlækna á Grafarholtsvelli 15. júní en hið knáa lið LMFÍ bar sigur úr bítum eins og reyndar á síðasta ári. Árlegur leikur við endurskoðendur fór fram 1. júlí á Svarfshólsvelli Golfklúbbs Selfoss. Veður var hið besta og keppnisfyrirkomulag hefðbundið, þ.e. holukeppni með forgjöf, tveir í liði og betri bolti talinn. Hvort lið var einungis skipað fjórtán kepp-

Eiríkur Tómasson, kampakátur effir að hafa farið holu í höggi á móti læknum á Hellu í júlí.



endum, þannig að sjö leikir voru spilaðir. Liðin skildu jöfn, þ.e. hvort lið fékk 3,5 vinninga. Þar sem endurskoðendur fóru með sigur af hólmi í

fyrira héldu þeir bikarnum. Endurskoðendur héldu því áfram að koma á óvart. Í hugum golfnefndarmanna LMFÍ er það með öllu óásættanlegt og við hljótum að leita skýringa á úrslitunum. Sú nærtækasta er að ekki hefur tekist að finna heppilegan tíma fyrir þennan leik. Undanfarin ár hefur keppnin farið fram seinnipart júlímánaðar – þegar margir eru í fríi. Nú var gerð tilraun með að færa keppnina fram í byrjun júlí en segja verður að það hafi litlu breytt, a.m.k. fyrir okkur lögmenn. Nefndin leggur kapp á að endurheimta þennan bikar að ári og tímasetningu fyrir leikinn verður að endurskoða vandlega. Betur gekk þegar lögfræðingar mættu læknum á Hellu sunnudaginn 7. júlí. Leikar fóru þannig að LMFÍ sigraði 7-3 en tuttugu voru í hvoru liði. Þar bar helst til tíðinda að Eiríkur Tómasson prófessor fór holu í höggi í leiknum.

Breytingar á félagatali

Allar breytingar s.s. ný símanúmer, vefföng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, www.lmfí.is

Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Halldór H. Backmann hrl.
Guðjón Ólafur Jónsson hrl.
Guðmundur Sigurðsson hrl.

Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Anna Guðrún Pind Jørgensdóttir hdl.
Bæjarlögmaður í Hafnarfirði
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður
S: 585-5503
Fax: 585-5509

Árni Sigurjónsson hdl.
Logos lögmansþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
S: 540-0300
Fax: 540-0301

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir hdl.
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.
Vegmúli 2
108 Reykjavík
S: 515-7400
Fax: 515-7401

Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir hdl.
Lögmenn Hafnarfirði ehf.
Reykjavíkurvegi 60
220 Hafnarfirði
S: 565-5155
Fax: 565-4744

Bergþóra Ingólfssdóttir hdl.
Mandat, lögmennsstofa
Hafnarstræti 20
101 Reykjavík
S: 511-1190
Fax: 511-1195

Björn Daníelsson hdl.
Lögmat ehf.
Lögmansþjónusta
Skúlagata 17
101 Reykjavík
S: 511-3600
Fax: 511-3601

Erlendur Þór Gunnarsson hdl.
AM Praxis sf.
Sigtún 42
105 Reykjavík
S: 533-3333
Fax: 533-2333

Edda Björk Andradóttir hdl.
Juris – lögmennsstofa sf.
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
S: 533-5030
Fax: 533-5035

Grímur Sigurðsson hdl.
Fulltingi ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
S: 533-2050
Fax: 533-2060

Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.
Lögmennsstofan Fortis ehf.
Laugarvegur 7
101 Reykjavík
S: 520-5800
Fax: 562-2585

Guðbjarni Eggertsson hdl.
Lögmenn Laugardal ehf.
Laugarvegi 182
105 Reykjavík
S: 533-4850
Fax: 533-4811

Guðni Bergsson hdl.
Lögfræðistofa Reykjavíkur
Vegmúli 2
108 Reykjavík
S: 515-7400
Fax: 515-7401

Gunnhildur Sveinsdóttir
KB banki
Austurstræti 5
101 Reykjavík
S: 444 6170
Fax: 4446179

Gunnar Gunnarsson hdl.
KPMG Endurskoðun hf.
Borgartún 27
105 Reykjavík
S: 545-6106
Fax: 545-6007

Gylfi Jens Gylfason hdl.
Lögborg ehf.
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
S: 588-3000
Fax: 588-3010

Hulda Elsa Björgvinsdóttir hdl.
Embla lögmennsstofa ehf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
S: 534-2600
Fax: 555-6045

Hörður Guðmundsson hdl.
KPMG Endurskoðun hf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík
S: 545-6029
Fax: 545-6007

Jóhanna Kr. Claessen hdl.
Landsbanki Íslands hf.
Hafnarstræti 7
101 Reykjavík
S: 410-7700
Fax: 410-3009

Framhald á bls. 25

Um miðjan júní héldu LMFÍ og Félag kvenna í lögmennsku morgunverðarfund þar sem Elisabet Fura-Sandström, dómari við Mannréttinda-dómstól Evrópu, fyrrum formaður sænska lögmannafélagsins og meðeigandi í alþjóðlegu lögmennsstofunni Vinge, hélt fyrirlestur. Elisabet nefndi fyrirlestur sinn; Different but equal – when will we get there? Women in the judiciary, success or failure, joint liability? Some thoughts about how to survive as a female professional.”



“Different but equal – when will we get there?”

Af morgunverðarfundum með
Elisabet Fura-Sandström

Elisabet velti fyrir sér hvort það væri jafnrétti á vinnustöðum í dag og hvort ungir og hæfileikaríkir kvenlögfræðingar kæmst eins langt faglega og þeir gætu og vildu. Það væri sláandi að fylgjast með hversu hægt gengi fyrir konur að verða meðeigendur lögmennsstofa. Þó margt hefði breyst frá því fyrstu konurnar útskrifuðust úr laganámi væru konur þó undarlega fáar hlutfallslega í ljósi þess að þær hefðu gott orðspor í þessari stétt. T.d. væru einungis 18% lögmanna í Svíþjóð konur en voru 17% fyrir þremur árum. Konur væru hins vegar 42% fulltrúa og Elisabet sagði að greinilega væru engar stórkostlegar breytingar í augsýn. Sænska lögmannafélagið væri meðvitað um þetta og að meirihluti laganema, oftast þeir með bestu einkunnirnar, væru konur. Félagið væri að reyna bregðast við þessu.

Elisabet lagði áherslu á að jafnréttisbarátta væri ekki einungis mál kvenna heldur einnig karla og nauðsynlegt væri að fá þá til liðs við baráttuna. „Þar sem konur eiga 50% af hæfileikum heimsins þýðir óréttlæti gagnvart þeim að ekki er verið að nýta mestu gæðin? Eru fyrirtæki, þar sem konur og karlar vinna saman með sömu tækifæri og við sömu aðstæður, arðbærari en þau sem búa við enga samþættingu og jafnvel við ójafnrétti? Við vitum að fjölbreytileikinn er styrkur, við þurfum að virða þekkingu, reynslu og hæfni ef við viljum ná árangri í samkeppni. Við eigum að vita það núna að fjölbreytileiki er ávísun á auðlegð ekki vandamál,“ sagði Elisabet meðal annars.

Elisabet sagði það þekktu goðsögn að við sem byggjum á Norðurlöndum lifðum nú þegar í samfélagi þar sem konur og karlar hefðu jöfn tæki-

færi. Þótt ástandið væri gott í samanburði við aðra hluta heimsins væri þetta goðsögn og breytingar alltof hægar. „Ég fullyrði að goðsögn eins og þessi stendur alvarlega í vegi fyrir því að á komist raunverulegt jafnrétti. Önnur staðhæfing, sem ég er viss um að þið þekkið, er sú að haldið er fram að breytingarnar verði um síðir og að við þurfum að sýna smá þolinmæði. Gleymið því! Marianne Nivert, yfirmaður í stóru sænsku fjarskiptafyrirtæki sagði eitt sin í viðtali við Wall Street Journal að þann dag sem hún myndi hitta eins margar heimskar konur og karla í stjórnarherbergjum þá fyrst gæti hún talað um jafnrétti kynja! Sums staðar er frekar hægt að tala um stöðnun eða afturför í jafnréttismálum og má þar nefna Ameríku sem dæmi. Árin 1983 og 2000 gerði ameríska lögmannafélagið könnun þar sem spurt var m.a. um hvort þátttakendur trygðu því að konur og karlar í lögmennsku hefðu sömu möguleika og tækifæri. Mun fleiri töldu svo vera árið 1983 en árið 2000!“

Glerþakið

Elisabet sagði að glerþakið héldi konum frá því að fá hæstu stöðurnar og verða meðeigendur í lögfræðifyrirtækjum en glerþakið er að hluta til úr sambandi af væntingum, kröfum markaðarins (þ.e.a.s. viðskiptavina) og vali kvenna sjálfra.

Elisabet ræddi um mismunandi áhrif sem það hefði á starfsframa kvenna og karla þegar stofnað væri til fjölskyldu. Kona yrði barnshafandi og það væri hennar val að eignast barn og hennar „vandamál“ sem hvorki fyrirtækið eða vinnuveitandi þyrfti að leysa. Þegar karl stofnaði fjölskyldu væri það álitnið jákvætt, hann væri að axla ábyrgð og

legði jafnvel harðar að sér en áður í starfi. Það sem væri konum fjötur um fót gæti verið jákvætt skref fyrir karla. „Konur líða þar með fyrir kynferði sitt frá þeim degi sem þær stofna fjölskyldu. Þetta eru mýtur sem bæði konur og karlar eru haldin og það sem við getum gert til að losna við þær er að viðurkenna þær. Það er góð aðferð að líta í eigin barm og ræða um eigin viðhorf,“ sagði Elísabet. „Við vitum að fjölbreytileiki er styrkur, við þurfum að virða þekkingu, reynslu og hæfni annarra ef við viljum ná árangri í samkeppni. Við vitum það núna að fjölbreytileiki er ávísun á auðlegð ekki vandamál.“

Elisabet velti fyrir sér ástæðum þess hve fáar konur væru í stjórnunarstöðum. „Það eru eflaust margar ástæður fyrir því að konur hika við að taka ábyrgð sem leiðtogar. Eitt af þeim vandamálum sem forgöngukonur þurfa að glíma við er að þær eru fulltrúar síns kyns. Ef þeim mistekst er litið á það sem sönnun þess að konur séu ekki nógu hæfar og jafnvel ómögulegar. Þetta gerir það að verkum að það er jafnvel erfiðara og einmanna-legra fyrir þær sem ryðja brautina. Þetta gæti verið ein af mörgum skýringum þess að konur hika við að taka ábyrgðina sem leiðtogar, jafnvel þótt farið sé fram á það við þær. Það krefst því mikils af konum sem ryðja brautina og verða þar með fyrirmynd sér yngri kvenna, en er þess virði. Önnur skýring á fáum konum í stjórnunarstöðum gæti verið sú að hefðbundin stjórnun höfði ekki til þeirra. Og enn ein skýring gæti verið sú að konur taka forystuhlutverkið of alvarlega, þær verða jafnvel mæður starfsins. Við verðum að finna

fleiri leiðir við að hvetja hvor aðra til að taka áhættuna af því að fara í leiðtogahlutverk í störfum okkar. Við þurfum á samstöðu kvenna að halda.“

Elisabet sagði að ef hún ætti dóttur myndi hún segja henni eftirfarandi: „Vertu ánægð með að vera kona. Vertu kvenleg og leiktu á þínum helmingi vallarins. Ekki reyna að verða karl. Þú getur það ekki. Engum líkar við eftirlíkingu. Veldu þér góðan yfirmann. Finndu þér



Fremst f.v. Erla S. Árnadóttir hrl., Helga Jónsdóttir borgarritari, Svala Thorlacius hrl., Anna Linda Bjarnadóttir hdl, Edda Andradóttir hdl., Bergþóra Ingólfssdóttir hdl., og Lára V. Júlíusdóttir hrl.

félaga sem er fullorðinn. Hann eða hún verður að vera tilbúin/n til að axla ábyrgð. Mikilvægast af öllu er að þú sættir þig við val þitt þegar þú er búin að gera upp hug þinn. Það er ekki bannað að sjá eftir hlutum eða skipta um skoðun ef þú uppgötvar að þú hafir gert mistök. En það er ekki góð hugmynd að velta sér upp úr hlutum. Þá verður þú sú sem tapar. Ekki vera of dómhörð við sjálfa þig. Í staðinn skalt þú spyrja sjálfa þig hvað sé þess virði að fórna sér fyrir. Veldu þinn vígvöll. Veltu fyrir þér hvað er mikilvægt áður en þú hefst handa.“

Í lokin sagði Elisabet: „Það að vera kona og eiga farsælan starfsframa sem lögmaður er ekki

ómögulegt en þýðir mikla vinnu, sannfæringu, einbeiti og góðan húmor. Ef þú vilt klifra á þann stað sem þú átt skilið að vera á, útbúðu þá þinn eigin stiga. Axlaðu ábyrgð á eigin aðstæðum og ekki vera fórnarlamb. Reyndu að sleppa því að vera með samviskubít (hægara um að tala en í að komast!). Þú skalt vinna vel og hafa það skemmtilegt. Vertu fyrirmynd yngri kollega en lærðu að segja nei!“

Að lokum vitnaði Elisabet í Söndru Day O'Connor, sem var fyrst kvenna kjörin hæstaréttardómari í Bandaríkjunum: „Það er frábært að hafa verið fyrst en þó miklu mikilvægara að hafa ekki verið sú síðasta!“

Af Merði lögmanni

Mörður var á leið úr málflytningi á Selfossi og heyrði umræður á einni útvarpsstöðinni um mat Hæstaréttar á hæfi og hæfni umsækjenda um dómarastöðu við þann sama dómstól. Tvívegis hefur Mörður talað sig uppí að sækja um dómarastöðu við Hæstarétt, en hætt við á síðustu stundu í bæði skiptin. Mörður hefur aldrei sótt um starf, enda verið í eigin rekstri lengst af. Mörður fékk sitt eina launþegastarf sem lögfræðingur hjá Njáli heitnum Þorfinnssyni hrl. þegar hann lauk lagaprófi einfaldlega á þann hátt að Njáll hringdi í hann og bauð honum að starfa fyrir sig. Eftir að hann hætti hjá Njáli hefur hann rekið sína eigin lögmannsstofu í félagi við aðra lengst af og því ekki verið uppá aðra kominn varðandi afkomu sína.

Er Mörður nálgadist Hveragerði fór stjórnandinn á útvarpsstöðinni yfir nöfn þeirra sjö umsækjenda sem sótt höfðu um hina lausu dómarastöðu við réttinn. Mörður þekkir alla umsækjendur, misvel þó, og telur jafnvel suma í hópi kunningja sinna og/eða vina. T.d. þegar Mörður varð fimmtugur mættu fjórir af þessum umsækjendum í afmælið og færðu honum góðar gjafir, þ.m.t. færðu tveir þeirra honum sameiginlega forlata göngustaf með silfurplötu þar sem áletrað er: “Það er bara einn Mörður – Til hamingju með daginn kæri vinur!” Svo komu nöfnin þeirra undir. Annar flutti ræðu og kom fram í ræðunni að ræðumaður taldi Mörð einn allra snjallasta lögfræðing og málflytjanda sem hann þekkti. Veislugestir klöppuðu og það var skálað fyrir afmælisbarninu. Merði þótti vænt um ræðuna og þykir vænt um stafinn og orðunum sem honum fylgdu. Þessir tveir sem gáfu honum stafinn höfðu verið með honum í árgangi í lagadeildinni og þeir verið saman á lesstofu öll árin. Þeir leituðu oft til hans þegar þeir voru komnir í öngstræti í fræðunum og leysti Mörður jafnan úr þeirra vanda, enda almennt viðurkennt á þessum árum að Mörður hafi verið í hópi þeirra snarpari á flestum sviðum. Þessir tveir og hinir fimm voru allir taldir hæfir til þess að gegna starfi við réttinn, en þeim var skipað í röð eftir hæfni til starfans. Mörður fór að velta því fyrir sér hvort hann hefði verið talinn hafa næga hæfni, ef hann hefði á annað borð sótt um. Hvar skyldi hann hafa lent í röðinni? Formlega séð er hann á því að hann hljóti að teljast hæfur.

Á leiðinni upp Hellisheiðina kom að því að stjórnandinn fór yfir þau atriði sem dómarnir í Hæstarétti telja að skipti mestu máli við mat á hæfni umsækjendanna. Fram kom að allir höfðu umsækjendur lokið embættisprófi með 1. einkunn. Mörður fékk 13,77 stig, þ.e. góða 1. einkunn og

varð þriðji í röð þeirra sem luku prófi um leið og hann. Mörður hefur ekki farið í eiginlegt framhaldsnám, en fór þó skömmu eftir námslok við lagadeildina á Osló á Institut for sørett í nokkra mánuði að stúdera niðurrjöfnun sjóttjóna. Dómarastörf hefur Mörður aldrei reynt, en hefur sem lögmaður eytt nokkrum mánuðum í réttarsölum. Lögmansstörf hefur Mörður hinsvegar stundað óslitið í yfir 30 ár og hefur flest árin flutt þetta 10 til 20 mál á ári, nú orðið lang mest fyrir Hæstarétti, en fulltrúar hans sjá um hin einfaldari mál fyrir héraðsdómstólum. Það er ekki hægt að segja annað en að málin hafi spannað allan sprengisand lögfræðinnar, þótt óneitanlega hafi sjó- og flutningarétturinn verið hans stóra fag.

Mörður var stundum fenginn til að kenna við lagadeildina í gamla daga, m.a. skaðabótarétt og sjórétt, en fljótlega komst hann að þeirri niðurstöðu að hann hefði hvorki tíma né efni á slíku og hætti, þrátt fyrir að nokkuð væri gengið á eftir honum af hálfu deildarinnar. Þessu næst voru talin upp ritstörf umsækjendanna og í þeim samanburði varð Mörður að viðurkenna að hann stóð þeim hæfustu langt að baki, þótt svo að honum finnst að margar greinargerðir hans fyrir dómstólum hafi verið býsna góðar. En það telur ekki í þessum samanburði. Mörður hefur rekið mörg mál fyrir hinum ýmsu stjórnisýslunefndum og úrskurðarnefndum fyrir skjólstæðinga sína, en aldrei setið í slíkri nefnd, en þetta var næsta atriðið sem upp var talið að skipti máli varðandi hæfnismatið. Fyrir einum tuttugu árum sat Mörður í einhverri norrænni laganevnd varðandi sjórétt, en sagði af sér eftir ágreining við samgönguráðuneytið um þóknun til hans. Reynsla hans varðandi lagasmíð er því nánast engin. Eftir að stjórnisýslulög nr. 37/1993 tóku gildi tók Mörður sér leyfi frá störfum í tvo mánuði með samþykki félaganna á stofunni og dvaldi í sumarbústað sínum í Borgarfíði og kynnti sér löggin og rit Páls Hreinssonar um þetta efni sérstaklega. Telur Mörður sig hafa haft mikið gagn af þessari þælingu í störfum sínum.

Mörður var farinn að nálgast Reykjavík þegar vikið var að stjórnunarstörfum og reynslu á því sviði. Mörður hefur rekið lögmansstofu um árabil í félagi við aðra þar sem milli 10 og 15 manns starfa að jafnaði. Hann hefur aldrei litið á sig sem stjórnanda og er ekki viss um að hvort hægt sé að segja að hann hafi stjórnunarreynslu.

Mörður fann til vanmáttar eftir þessa umfjöllun alla og mundi þá allt í einu eftir því að hann á að flytja stórt mál í Hæstarétti í næstu viku, hringdi heim til sín og sagði konunni sinni að hann yrði lítið heima næstu daga vegna þess að hann þyrfti að undirbúa málflutninginn. Mörður er samfærður um að hann hefði orðið aftastur í röðinni ef hann hefði sótt um stöðuna að þessu sinni. Þegar hann kom á stofuna hittu hann einn meðeiganda sinn og fóru þeir að ræða þá punkta sem dómaramirnir í Hæstarétti setja fram sem áhersluatriði varðandi hæfni. Voru þeir sammála um að þeir þyrftu að taka sig á ef þeir ætluðu einhvern tíma að ná sér í laun til æviloka.

Verðmat og skipting dánar- og þrotabúa

Áratuga reynsla við verðmat, sölu og skiptingu dánar- og þrotabúa.

Svið þekkingar og þjónustu okkar nær yfir antik, listmuni, bækur, frímerki, húsbúnað, nytjamuni, tæki og tól.

SANNGJARNT VERÐ.



Jónas Ragnar Halldórsson, antik- og listmunasali.

Laugavegi 101, GSM 867 5117 – Bréfasími 552 8222 og sími 551 5222

Netfang: goco@simnet.is

PISTILL FORMANNS:

Verkfall grunnskólakennara er brostið á og ekki talin ástæða til viðræðna næstu daga, svo mikið ber á milli. Þótt verkfallið snerti lögmennt ekki umfram aðra held ég að þeir hljóti að vona að lausn finnist á hið snarasta, vonandi áður en þetta er lesið. Að venju er verkfallið því að kenna hversu óbilgjarn gagnaðilinn er. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hvor hafi meira til síns máls.

Mér finnst hins vegar alltaf jafnmerkilegt að hlusta á forsvarsmenn deilenda í kjaraviðræðum. Af málflutningi er sjaldnast hægt að ráða að menn fáiast við sama viðfangsefnið. Deilendur eru nánast aldrei sammála um hvernig gildandi samningur sé og því hlýtur að vera vonlítið að ná saman um nýjan samning. Komi menn sér ekki saman um hvar þeir eru hlýtur að vera erfitt að vita hvert þeir ætla.

Þótt þetta birtist með svo skýrum hætti í kjaradeilum finnst mér þjóðfélagsumræða almennt svolítið þessu marki brennd. Hún er alltof oft rifrildi um staðreyndir. Fyrir vikið verður hún iðulega bæði innihaldsrýr og árangurslítil. Rökræða, sem ekki er byggð á staðreyndum, getur ekki orðið annað en karp. Rökræða um það hvort dagurinn í dag sé laugardagur eða sunnudagur á ekki rétt á sér, menn líta einfaldlega á dagatalið. Stundum skáka menn reyndar í þessu skjóli. Slengja inn í umræður einhverju, jafnvel gegn betri vitund, í trausti þess að viðmælandinn geti ekki hrakið það.

Sé þetta leiður vani í rökræðu manna á milli er hálfu verra ef ríkisvaldið fer fram með þessum hætti. Leggi jafnvel heilu málin upp á grundvelli „staðreynda“ sem eiga sér bara stoð í fullyrðingum. Því miður hefur það borið við undanfarið. Mér finnst sem stjórnvöld og löggjafinn búi til „vandamál“ til þess að finna megi lausnir. Með tilbúnum vandamálum á ég við að ekki sé sýnt fram á tilvist þeirra með þeim hætti að staðreynt geti talist. Grundvöllur að slíkum „vandamálum“ er tíðast lagður með því að segja það ástand, sem talið er vandamál, myndi hvergi annarstaðar líðast. Það er jafnvel tvítekið og ratar síðan í leiðara.

Íslendingar vilja síst vera eftirbátar annarra. Það sem ekki líðst annarstaðar, og er jafnvel tvítekið, má heldur ekki líðast á Íslandi. Þess vegna verður að setja lög, sem koma í veg fyrir vandamálið, enda kunnara en frá þurfi að segja að öll manna vandamál má lagfæra með lagasetningu.



Gunnar Jónsson

hrl.

Fjölmiðlamálið svokallaða var augljóst dæmi um þetta. Þar var því haldið fram að hér hefði skapast ástand sem hvergi annarstaðar myndi líðast. Lá þó fyrir að fjölbreytni í fjölmiðlum var meiri en hún hefur verið um árabíl. Það er líka merkilegt að í þeirri umræðu allri skuli norskt félag að nafni Schibsted ASA (www.schibsted.no/no/) ekkert hafa borið á góma, svo tamt sem okkur er að bera okkur saman við granna okkar í Skandinavíu. Félagið, eða öllu heldur samstæða þess, á tvö útbreiddustu dagblöð Skandinavíu, Verdens Gang í Noregi og Aftenbladet í Svíþjóð. Það á einnig næstútbreiddasta dagblað Noregs, Aftenposten og fjölda svæðisblaða. Enn er það stærsti einstaki hluthafi stærstu einkareknu sjónvarpsstöðvar í Noregi, TV2. eru þá ótalin ítök í alls kyns öðrum miðlum um alla Skandinavíu og umfangsmikil útgáfustarfsemi. Félagið er á markaði en fyrrum einkaeigandi þess í raun einráður um málefni þess, kjósi hann það. Ekki er að sjá að ástæða hafi verið talin til þess að taka á þessu „ástandi“ með lagasetningu eða það teljist sérstakt vandamál.

Annað dæmi er nýútkomin skýrsla nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptalíf. Í henni er lagt til að setja eða breyta reglum til þess að taka á „vandamálum“. Þó hefur alls ekkert verið sýnt fram á að þau séu til staðar, þótt því hafi reyndar verið slegið fram, jafnvel tvítekið og skrifað í leiðara. Á grundvelli skýrslunnar eru orðin til, á metfíma, frumvörp til breytinga á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Breytir engu þar um að helstu fulltrúar viðskiptalífsins, með Verslunarráð, Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands í fararbroddi, vara við reglusetningunni.

Þeir sömu aðilar áttu frumkvæði að útgáfu leiðbeininga um það sem kallað er stjórnarhættir félaga og telja vel hafa tekist til og reynslu af því góða. Þessir aðilar vilja að reglusetningin komi frá viðskiptalífínu sjálfu, ekki með valdboði löggjafans. Þannig segja þeir þróun vera víðast hvar í Evrópu og um það liggja fyrir staðreyndir.

Fátt bendir hins vegar til þess að ríkisvaldið sé reiðubúið til þess að heimila viðskiptalífínu þetta frumkvæði. Í leiðara sagði líka að það væri mikið áhyggjuefni hvað viðskiptalífið axlaði takmarkaða samfélagslega ábyrgð. Ugglaustr er viðskiptalífínu ekki að þakka hagsæld undanfarinna ára, stjórnvöld eiga sjálfsagt allan heildurinn.

Til að fyrirbyggja allan misskilning er rétt að taka fram að pistill formanns þarf ekki að endurspegla skoðanir Lögmannafélagsins, enda getur félag illa haft skoðun. Ég vona hins vegar að sem flestir lögmenn séu mér sammála, virði í það minnsta rétt minn til að tjá skoðanir mínar.

Þá er einnig rétt að fram komi að bæði um fjölmiðlamálið og skýrslu nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptalíf hef ég unnið samantekt fyrir viðskiptamenn. Sú vinna er ugglaustr undirrot skrifanna, enda þekki ég málin betur en ella fyrir vikið. Það sem að framan segir eru hins vegar einfaldlega mínar skoðanir, að vel athuguðu máli.

Breytingar á félagatali

Allar breytingar s.s. ný símanúmer, vefföng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, www.lmf.is

Framhald af bls. 19.

Jón Þór Grímsson hdl.

Landsbanki Íslands hf.
Hafnarstræti 5
101 Reykjavík
S: 410 7451
Fax: 410-3013

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúli 3
108 Reykjavík
S: 560-5060
Fax: 560-5108

Sigurður S. Júlíusson hdl

Lögfræðistofa Reykjavíkur
Vegmúli 2
108 Reykjavík
S: 515-7400
Fax: 515-7401

Soffía Eydís Björgvinsdóttir hdl.

KPMG Endurskoðun hf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík
S: 545-6000
Fax: 545-6007

Tómas Eiríksson hdl.

Lex ehf., lögmannsstofa
Sundagarðar 2
104 Reykjavík
S: 590-2600
Fax: 590-2606

Þröstur Ríkharrósson hdl.

AM Praxis sf.
Sigtún 42
105 Reykjavík
S: 533-3333
Fax: 533-2333

Endurútgefin málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Bragi Gunnarsson hdl.

Landsbanki Íslands hf.
Hafnarstræti 7
155 Reykjavík
S: 410-7747
Fax: 410-3009

Guðmundur Oddsson hdl.

Actavis Group hf.
Reykjavíkurvegi 76-78
220 Hafnarfjörður
S: 550-3000
Fax: 550-3001

Gunnhildur Sveinsdóttir hdl.

Kaupþing Búnaðarbanki hf.
Austurstræti 5
101 Reykjavík
S: 444-6170
Fax: 444-6179

Gunnar Þór Pétursson hdl.

Logos – Lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
S: 540-0300
Fax: 540-0301

Hólmfríður Kristjánsdóttir hdl.

Yfirskattanefnd
Borgartúni 21
105 Reykjavík
S: 585-8700
Fax: 585-8701

Tómas Njáll Möller hdl.

Lífeyrissjóður
ríkisstarfsmanna
Bankastræti 7
101 Reykjavík
S: 510-6100
Fax: 510-6150

Nýr vinnustaður

Guðbjörg Bjarnadóttir hdl.

Fjármálaeftirlitið
Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík
S: 525-2700
Fax: 525-2727

Guðmundur Sigurðsson hrl.

Hrólfsskálavör 5
170 Seltjarnarnes
S: 861-2040

Jón Ögmundsson hdl.

Fulltingi lögfræðiþjónusta ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
S: 533-2050
Fax: 533-2060

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir hdl.

Lögmannsstofa Sveinbjargar
B. Sveinbjörnsdóttur ehf.
Hamraborg 20a
200 Kópavogi
S: 554-7000
Fax: 554-4018

Vilhjálmur Bergs hdl.

Lögþing ehf.
lögfræðiskrifstofa
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík
S: 585-8400
Fax: 585-8401

Nýtt aðsetur:

Bjarni Hauksson hdl.

Lögmannsstofa Bjarna
Haukssonar ehf.
Skiptiholti 50c
103 Reykjavík
S: 511-2233
Fax: 511-2234

Námskeið haustannar

● Að leika sér með matinn! - 13. október

Námskeið í gerð grænmetisréttar þar sem sköpunargleði í eldhúsinu ræður



ríkjum. Þátttakendum er skipt niður í smærri hópa sem hver um sig töfrar fram frábæra rétti úr uppskriftahefti sem fylgir með. Í lokin verður svo sameiginleg máltíð. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái góða yfirsýn yfir þær lystisemdir sem jurtaríkið hefur upp á að bjóða til matargerðar, einnig að örva sköpunargleðina og löngun til að leika sér með matinn.

Kennarar: Valentína Björnsdóttir, meistarakokkur og framkvæmdastjóri Móður Náttúru, og Guðbjörg Gissurardóttir, höfundur matreiðslubókarinnar „Hristist fyrir notkun“.

Staður: Móðir Náttúra v/Gufunesveg.

Tími: Miðvikudagur 13. október kl. 17:30-22:00.

Verð: Kr. 8.500,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 7.500,-

● Jónsbók og íslensk réttarsaga - 19. október

Hluti Jónsbókar frá 1281 er enn í gildi og ákvæði úr henni næstum árlega notuð við dóma. Jónsbók, með seinni tíma réttarbótum, var nánast einráð sem veraldleg lög Íslendinga fram á 18. öld. Á námskeiðinu verður texti Jónsbókar notaður til að veita yfirsýn yfir réttarþróun á Íslandi frá lokum 13. aldar og fram á 19. öld. Stóridómur frá 1564 verður einnig skoðaður og ýmsar skipanir aðrar sem þörf þótti á til hliðar við Jónsbók, auk norsku laga frá 1687 sem lögleidd voru að hluta á 18. öld.

Kennari: Már Jónsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur búið texta Jónsbókar til útgáfu sem kemur á markað um miðjan október.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftramýri 9, Rvík.

Tími: Þriðjudagur 19. október kl. 16:00-19:00.

Verð: Kr. 10.000,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 8.000,-

• Athugið: Hin nýja útgáfa Jónsbókar verður á sérstöku tilboðsverði fyrir þátttakendur námskeiðsins.

● Útlendingaréttur - 26. október

Farið verður yfir breytingar á lögum um útlendinga, dvalarleyfi, atvinnuleyfi og réttindi pólitískra flóttamanna á Íslandi. Skoðuð verða mál sem komið hafa upp. Umræður í lokin.

Kennarar: Hilmar Magnússon hrl. hjá Lögskilum og Hildur Dungal lögfræðingur hjá Útlendingastofnun.

Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftramýri 9, Rvík.

Tími: Þriðjudagur 26. október kl. 16:00 - 19:00

Verð: kr. 15.500,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 12.500,-

● Skaðabótaforritsnámskeið - 3. nóvember

Sl. vetur sóttu um 60 lögmennt námskeið um skaðabótaforrit SÍT, Sambands íslenskra tryggingafélaga, sem það lét útbúa til útreiknings á bótum vegna líkamstjóna sem gera ber upp samkvæmt reglum skaðabótaréttarins. Nú hefur verið ákveðið að bjóða upp á eitt námskeið á haustönn fyrir lögmennt sem misstu af því þá. Námskeiðið er haldið í samstarfi við SÍT og tölvufyrirtækið Vigor, sem hannaði forritið.

Á námskeiðinu verður farið yfir viðmót og uppbyggju kerfisins, ásamt viðhaldi grunnskraa sem kerfið byggir útreikninga sína á, s.s. töflur yfir vísitölur og framfærslu. Farið verður yfir skráningu ólíkra mála og þátttakendur vinna raunhæf verkefni. Þátttakendur fá í hendur námskeiðsgögn sem innihalda m.a. kerfishandbók og forritið sjálft.

• Athugið: Þátttakendur verða að vera minnst sjö til að námskeiðið verði haldið.

Kennarar: Ólafur Þórðarson kerfisfræðingur og Vilborg Hjartardóttir þjónustufulltrúi.

Staður: Kennslustofa TölvuMynda, Holtasmára 1, Kópavogi. 8.hæð.

Tími: Miðvikudagur 3. nóvember kl. 13:00-16:30

Verð: Kr. 30.000,- en fyrir félaga í félagsdeild LMFÍ kr. 28.000,-

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfangið: eyrun@lmfi.is

Námskeið haustannar

● Ábyrgð sérfræðinga og starfs- ábyrgðartryggingar - 16. nóvember

Farið verður yfir faglega ábyrgð ýmissa sérfræðinga vegna mistaka eða hönnunargalla. T.d. lækna, lögmanna, verkfræðinga, iðnmeistara og hönnuða. Skoðaðir verða dómur sem gengið hafa í slíkum málum.

Kennarar: Guðmundur Sigurðsson hrl., dósent við Háskólann í Reykjavík og Jóhannes Sigurðsson hrl. prófessor við Háskólann í Reykjavík

Staður: Kennslustofa LMFI, Álftamýri 9, Rvík.
Tími: Þriðjudagur 16. nóvember kl. 16:00-19:00.

Verð: kr. 15.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 12.500,-

● Hugverkasamningar - 23. og 30. nóvember.

Samningar um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar og um höfundarétt.

Í fyrsta hluta verður almenn yfirferð þar sem fjallað verður um eðli og sérkenni hugverkaréttar og skiptingu hans í einstök réttarsvið. Í öðrum hluta verður farið yfir samninga um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar (svokölluð iðnréttindi), þ.e. einkaleyfi, vörumerki, hönnun og verkþekkingu. Í þessu sambandi verða m.a. skoðuð ný lög um uppfinningar starfsmanna sem taka gildi 1. janúar 2005. Í þriðja hluta verður fjallað almennt um gerð samninga á sviði höfundaréttar, og sérstaklega um samninga um hugbúnað og tónlist.

Kennarar: Ragnar Tómas Árnason hdl., Árni Vilhjálmsson hrl., og Hjördís Halldórsdóttir hdl., LOGOS

Staður: Kennslustofa LMFI, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími: Þriðjudagur 23. nóvember kl. 16:00-20:00 (1. og 2.hluti) og þriðjudagur 30. nóvember kl. 16:00-19:00 (3. hluti).

Verð: kr. 23.500 en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.500,-

● Ljósmyndun - 25. nóvember

Þátttakendur læra grunnatriði í tækni við töku ljósmynda og notkun á ljósmyndavélum, bæði staf-rænum og filmuvélum. Spurningum eins og þessum verður svarað: Hvað gerir ljósopið? Af hverju koma rauð augu? Á að nota flass við útimyndatöku? Þátttakendur koma með eigin myndavéla og vandamál sem leyst verður úr með farsælum hætti.

Kennari: Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari, eigandi ljósmyndastofunnar Ímynd.

Staður: Kennslustofa LMFI, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími: Fimmtudagur 25. nóvember kl. 19:30-22:30

Verð: Kr. 9.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 7.000,-

● Tölvunámskeið á netinu! Word - excel - powerpoint - outlook

LMFI býður nú félagsmönnum sínum upp á tölvunámskeið á netinu í samstarfi við Tölvunám.is.

Námskeiðin byggja á því að þátttakendur fá aðgang að tölvunámskeiðum í eitt ár. Námskeiðin eru afar efnismikil en nemandinn ræður sjálfur efnistöku, hraða yfirferðar, stað og stund. Áskrifendur fá aðgang að námskeiðunum í 12 mánuði og hafa því góðan tíma til að tileinka sér námsefnið þegar tími gefst til eða verkefnið krefjast þess. LMFI hefur gert samning við Tölvunám.is um 20%-30% afslátt af námskeiðunum.

Verðskrá	Verð m/vsk fyrir LMFI	Verð m/vsk fyrir félagi í félagsdeild	Verð án afsláttar
Verð fyrir öll námskeið	17.952,-	15.708,-	22.440,-
Verð fyrir Word eða Excel	7.425,-	7.425,-	9.900,-
Power point eða Outlook	4.425,-	4.425,-	5.900,-

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfangið: eyrun@lmfi.is

Ritað í tilefni af pistli formanns LMFÍ í Lögmannablaðinu, júníhefti 2004

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 325/2003, „málverkamálinu“, hefði átt að geta orðið kveikja að þarfri, faglegri, umræðu um sönnunargögn og sönnunarfærslu í refsímálum hér á landi.

Í upphafi aðalmeðferðar málsins í héraði krafðist verjandi þess að ákærvaldinu yrði synjað um að leiða nokkurn fjölda vitna fyrir dóm til skýrslugjafar. Meðal þeirra voru sérfræðingar sem ritað höfðu greinargerðir um rannsóknir sínar og niðurstöður varðandi málverk sem talin voru fölsuð. Höfðu greinargerðir þeirra verið lagðar fram af hálfu ákærvalds. Röksemdir verjandans fyrir kröfunni voru ítarlegar og því m.a. haldið fram að vitnin væru svo hagsmunatengd málinu, annað hvort vegna tengsla þeirra við kærundur eða vegna annarra tengsla, að vitnaskýrslur vitnanna væru sýnilega þarflausar í skilningi 4. mgr. 128. laga um meðferð opinberra mála, oml.

•

„Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem ferð eru fram við meðferð máls fyrir dómi“, sbr. 1. mgr. 48. gr. oml.

Johannes Andenæs segir í Norsk straffeprosess, 1984, bls. 166, um samhljóða ákvæði í 305. gr. norsku refsiréttarfarlaganna á þessa leið: Með ákvæðinu er tvennt gefið til kynna. Í fyrsta lagi skal dómur reistur á því sem fram hefur komið við hina munnlegu aðalmeðferð, en ekki á vitneskju sem fæst við lestur málsskjala. Í öðru lagi á einkavitneskja dómarans um málsatvik ekki að hafa áhrif á úrlausn hans. Dómarinn verður að horfa fram hjá því sem hann hefur séð og heyrt utan réttar.

Í þessari framsetningu Andenæs kristallast reglan um milliliðalaus málsmeðferð en jafnframt snertir þetta reglur um opinbera og munnleg málsmeðferð.



Bogi Nilsson
ríkissaksóknari

Hans Gammeltoft-Hansen, segir í Strafferetspleje I, 1991, bls. 55, á þessa leið: Grunnreglan um munnlega málsmeðferð er ekki aðeins regla um form málsmeðferðar. Megin einkenni reglunnar birtast í þeim réttaráhrifum sem rekja má til þess að reglunni var ekki fylgt. Dómur verður einungis reistur á því efni sem flutt var fram munnlega. Grunnreglan um munnlega málsmeðferð á að vera ráðandi þegar kemur að afmörkun málgagna.

Upplýsingar og málsástæður sem kunna að koma fram í skriflegum gögnum máls skulu ekki notaðar þegar dómur verður lagður á mál hafi þær ekki verið nefndar eða dregnar fram við aðalmeðferðina með því að málflytjandi vitni til efnis hinna skriflegu gagna, lesi það upp eða endursegi.

Fullyrða má að reglum um milliliðalaus, opinbera og munnlega málsmeðferð hefur ekki verið fylgt hér á landi í samræmi við lýsingar nefndra fræðimanna á reglunum og réttarframkvæmd í heimalöndum þeirra. Ef til vill koma frávik frá reglunum, einkum reglunni um munnlega málsmeðferð, greinilegast fram í því að skrifleg gögn, sem lögð hafa verið fram fyrir íslenskum dómstólum, eru yfirleitt ekki sundurgreind undir aðalmeðferð máls og raunveruleg sönnunargögn, sem dómur verður reistur á, afmörkuð eða dregin sérstaklega fram. Af því getur leitt að ekki liggi skýrt fyrir við dómstöku máls hvaða skrifleg gögn dómstóllinn megi eða muni taka til skoðunar og byggja úrlausn sína á. Ekki þarf þó að fara mörgum orðum um mikilvægi þess fyrir ákærða og verjanda hans, ekki síður en ákærvaldið, að ljóst sé við meðferð máls, hvort sem meðferðin er munnleg eða skrifleg, hver sönnunargögnin eru sem dómstóllinn getur byggt dóm sinn á.

•

Augljóst er að í kröfu verjandans í málverkamálinu fyrir héraðsdómi um að ákærvaldinu yrði

meinað að leiða tiltekna sérfræðinga fyrir dóm til vitnisburðar hafi jafnframt eða í raun falist krafa um afmörkun á framlögðum gögnum á þann veg að greinargerðir sérfræðinganna sem lagðar voru fram teldust ekki til sönnunargagna sem dómur yrði reistur á, sbr. til hliðsjónar danska dóma í UfR, t.d.: U.2000.627H og U.2003.292H.

Héraðsdómur hafnaði þessari kröfu og röksemdum verjandans byggðum á hagsmunatengslum með þessum orðum: „Eins og segir hér að framan verður ekki annað séð en að framburður vitnanna sem um ræðir geti haft þýðingu fyrir úrslit máls þessa. Á hinn bóginn kemur það sem ákærði heldur fram um tengsl vitnanna innbyrðis og við kærður til álitu þegar dómarar þurfa að meta skýrslur þeirra.“

Úrskurður héraðsdóms var kærður til Hæstaréttar, mál nr. 113/2003. Í dómi Hæstaréttar var sérstaklega skírskotað til 70. gr. oml. en að öðru leyti var úrskurður héraðsdóms staðfestur með vísan til forsendna hans.

Með hliðsjón af nefndum dómi Hæstaréttar er tæpast unnt að lá nokkrum fyrir að hafa litið svo á að greinargerðir sérfræðinganna og vitnisburðir þeirra fyrir héraðsdóminum væru sönnunargögn í málinu. Hæstiréttur hafði leyst úr því álitafni. Héraðsdómararnir tóku þessi gögn að sjálfsögðu til skoðunar og mats við úrlausn sína, í samræmi við dóm Hæstaréttar. Sama gerði minnihluti Hæstaréttar. Hins vegar verður varla komist hjá því að álykta að meirihluti Hæstaréttar hafi snúið við blaðinu þegar hann mat þessi gögn ótæk vegna tengsla tiltekinnar sérfræðinga við kærður. Breytti Hæstiréttur þar með grundvelli málsins er hann ógilti veigamikil sönnunargögn sem héraðsdómur hafði stuðst við og byggt röksemdir sínar á, að nokkru leyti í trausti fyrri dóms Hæstaréttar. „Þessi niðurstafa meirihlutans hefði hins vegar að okkar mati átt að leiða til ómerkingar héraðsdóms og að lagt yrði fyrir dóminn að afla slíks mats áður en héraðsdómur væri kveðinn upp að nýju“, segir í sératkvæði minnihlutans.

Ákærendur eiga að forðast að gagnrýna niðurstöður dómstóla í almennri umræðu enda grípa dómstólar ekki til andsvara og ákærendum ber ávallt að sýna dómstólum tilhlýðilega virðingu.

Ákærendur eiga að forðast að gagnrýna niðurstöður dómstóla í almennri umræðu enda grípa dómstólar ekki til andsvara og ákærendum ber ávallt að sýna dómstólum tilhlýðilega virðingu. Ákærendur taka þátt í faglegri umræðu um hvaðeina á sviði réttarins eins og aðrir lögfræðingar og þurfa þá ekki endilega að vera sam-mála röksemdum dómara fyrir niðurstöðu í máli. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að dómstólar eiga það til að gagnrýna ákærendur eða ákærvaldið í dómum sínum með þeim hætti að óhjákvæmilegt getur reynst að grípa til nokkurra andsvara.

Ritað 25. júní 2004.

Gutenberg
PRENTSMÍÐJA

RENATA EHF
ÞÝÐINGAR OG TÚLKUN

RENATA ERLENDSSON
lögiltur dóm túlkur og skjalapýðandi

ÞÝSKA - ENSKA - RÚSSNESKA
VÖNDUD VINNUBRÖÐ
ÁRATUGA REYNSLA

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h. – 562 2562 v.
GSM: 898 0904
Fax: 562 2517

Fréttir frá félagsdeild

Tilboð í líkamsrækt

Iceland spa & fitness, sem í eru Baðhúsið, Sporthúsið og Prekhúsið, bjóða meðlimum félagsdeildar LMFÍ og fjölskyldum þeirra árskort á 27.900,- Tilboðið gildir til ágúst 2005. Athugið að tilboðið fæst aðeins í gegnum félagsdeild LMFÍ.

„Það kólnar í lofti, því komið er haust, í kuldablæ heyra má vetrarins raust,“ kvað skáldið forðum og það gerist nú enn og aftur. Eins og venjulega á þessum árstíma tekur starfsemi félagsdeildar mikinn fjörkipp. Búið er að skipuleggja námskeið haustannar en að þessu sinni er boðið upp á tíu námskeið. Boðið er upp á þrjú fagnámskeið: Hugverkasamningar, ábyrgð sérfræðinga og starfsábyrgðartryggingar og námskeið í útlendingarétti. Námskeið til að auka almenna færni eru nokkur; dansk lagamál, Jónsbók og íslensk réttarsaga og boðið er upp á skaðabótaforritsnámskeið fyrir þá sem misstu af því á vorönn. Einnig er boðið upp á mjög hagstæð tölvu-



Eyrún Ingaðóttir

námskeið á netinu sem ég hvet alla til að skoða nánar. Eins og venjulega eru einnig námskeið til gamans og að þessu sinni eru sjúkajaknám-skeið, grænmetisréttarnámskeið og ljósmyndaranámskeið þar sem ljósmyndari kennir þátttakendum grunnatriði góðrar ljósmyndunar.

Rómarferð 6.-10. október

Undirbúningur fyrir Rómarferð félagsdeildar stendur nú yfir en 77 hafa skráð sig í ferðina. Félagsdeild hefur fengið Guðjón Rúnarsson lögmann til að aðstoða við skipulagningu en hann er formaður Ítalsk-íslenska verslunarráðs-ins. Stefnt er að því að heimsækja ítalska lögmannafélagið, dómstól og fleira. Þeir sem heima sitja verða upplýstir nánar um ferðina í næsta Lögmannablaði.

Greiðsla árgjalda til LMFÍ fyrir yfirstandandi ár

Gíróseðlar vegna árgjalds til Lögmannafélags Íslands fyrir yfirstandandi ár, voru sendir félagsmönnum í maí sl., en gjalddagi var 1. júní. Þeir lögmennt, sem enn hafa ekki gengið frá greiðslu árgjaldsins, eru hvattir til að greiða það hið fyrsta. Einnig eru þeir félagsmenn sem skulda eldri árgjöld hvattir til að ganga frá greiðslu án tafar, en ógreiddar gjaldfallnar árgjaldsskuldir verða sendar í lögfræðihætti innan tíðar.

Heimasíða LMFÍ – upplýsingasíða fyrir lögmennt

Á heimasíðu LMFÍ eru samansafn upplýsinga fyrir lögmennt. Þar má t.d. nefna að handbók félagsins er nú alfarið gefin út á netinu en í henni eru margs konar upplýsingar til hagræðingar fyrir lögmennt. Undir tenglinum „Athyglisverðar heimasíður“ er m.a. hægt að nálgast upplýsingar um fjölda erlendra námskeiða og ráðstefna sem LMFÍ fær sent. Þeir lögmennt sem hyggja á námskeið erlendis er bent á að skoða þennan tengil.

Árlegt málþing Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands fór fram á Hótel Valhöll á Þingvöllum, föstudaginn 6. júní s.l., undir yfirskriftinni: „Straumhvörf í kröfurétti – breytingar á íslenski löggjöf.“

Málþingið hófst með setningarræðu Gunnars Jónssonar, formanns LMFÍ, en að því loknu fór fram kynning á helstu breytingum sem urðu með tilkomu nýrra lausafjár- og fasteigna-kaupalaga, neytenda-kaupalögum og með tilkomu laga um þjónustukaup. Var kynningin í höndum Viðars Más Matthíassonar prófessors, Þorgeirs Örlygssonar dómara við EFTA-dómstólinn, Áslaugar Árnadóttur lögfræðings og Þórólfs



Jónas Þór Guðmundsson hdl.



F.v. Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari og Ásdís Rafnar hrl.

Jónssonar hdl. Að loknum framsögum sátu frummælendur fyrir svörum.

Að loknu hádegisverðarhléi, hélt prófessor Francis Martin Baillie Reynolds Q.C.(Hon.), D.C.L., F.B.A., framsögu um stöðu ensks kröfuréttar undir yfirskriftinni: „Sale of goods law in England: the tension between commercial and consumer transactions“. Að lokinni umfjöllun prófessors Reyn-

MÁLÞING

Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands

olds var að nýju tekið til við að kryfja íslenskan kröfurétt. Sjónum var einkum beint að ýmsum grundvallar hugtökum og úrræðum sem hin nýju lög fela í sér og þýðingu þeirra í framkvæmd en lítið reynt á þessi lög fyrir dómstólum enn sem



F.v. Ásdís Kerúlf hdl. og Valgerður Valdimarsdóttir hdl.

komið er. Frummælendur á þessum hluta máþingsins voru þau Viðar Már Matthíasson prófessor, sem fjallaði um gallahugatakið og sakarmat, Jónas Þór Guðmundsson hdl., sem tók fyrir skaðabætur undir hinum nýju lögum, Þorgeir Örlygsson dómari við EFTA-dómstólinn, sem fjallaði um riftunar-

reglur og Hjördís Halldórsdóttir hdl., sem nálgáðist viðfangsefnið út frá hinum nýju vanefndaúræðum laganna. Að loknum framsöguerindum fóru fram pallborðsumræður með þátttöku Viðars Más Matthíassonar prófessors, Þorgeirs Örlygs-



Það var þröng á þingi – málþingi Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands í júní sl.

sonar dómara, Eggerts Óskarssonar héraðsdómara, Jakobs R. Möller hrl., og Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Að loknum pallborðsumræðum sleit Hjördís Hákonardóttir, formaður DÍ, málþinginu og bauð málþingsgestum að þiggja léttar veitingar. Þeirra nutu menn í blíðunni utandyra, þar sem málefni dagsins og reyndar fjölmörg önnur mál voru rædd manna á meðal.

Fundarstjóri og stjórnandi umræðna á málþinginu var Sigurður Tómas Magnússon héraðsdómari, sem stýrði þinginu af festu og öryggi. Þátttaka á málþinginu var góð, en það sóttu um 130 manns.



F.v. Eyvindur Gunnarsson hdl., Lúdvík Örn Steinars-son hdl., Karl Ó. Karlsson hdl., Karl Georg Sigur- björnsson hrl. og Björn Þorri Viktorsson hdl.

Íslenskur sigur í Norrænu málflutningskeppninni

Norræna málflutningskeppnin var haldin í 20. sinn í júní síðastliðnum og að þessu sinni í Reykjavík. Íslenska liðið fór með sigur af hólmi í lokaviðureigninni í dómhúsi Hæstaréttar, en Club St. Erik frá Stokkhólmi lenti í öðru sæti. Þrátt fyrir að íslenska liðið hafi margoft komist í undanúrslit í keppninni er þetta í fyrsta sinn sem liðið kemst í tveggja liða úrslit. Sigurinn var sætur og verðskuldaður, en íslenskur keppandi var valinn ræðumaður síns riðils og liðið hafði hlotið mjög góða einkunn fyrir skriflegar greinargerðir sínar. Pen-ingaverðlaun voru veitt, 15.000 sænskar krónur, frá Sporrang-fjölskyldunni í Svíþjóð, en keppnin var upphaflega kennd við frægasta mál Svía fyrir Mannréttindadómstólum, Sporrang-Lönnroth málið, sem fjallaði um eignaréttarákvæði mann-réttindasáttmáls.

Norræna málflutningskeppnin er haldin árlega til skiptis í höfuðborgum Norðurlandanna. Tólf lið málflutningsklúbba nemenda frá tíu háskólum taka þátt í keppninni. Fyrirkomulag

er þannig að starfandi lögmenn veita málflutningsklúbbi for-mennsku en klúbbarnir eru svo misjafnlega mikið í tengslum við lagadeildirnar á hverjum stað. Keppnisstjórnin er í Stokk-hólsháskóla og dómendur koma frá Mannréttindadómstóli Evrópu og ædstu dómstólum Norðurlandanna.

Íslenski málflutningsklúbburinn, Club Lögberg, hafði veg

keppendur og formaður klúbbs-ins, Sif Konráðsdóttir hrl., sáu um undirbúning keppnishalds-ins, en starfsfólk héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstaréttar aðstoðuðu einnig keppnisdag-ana sjálfa. Heiðursformaður klúbbsins, Gunnar Helgason hrl., stóð við bakið á klúbbnum eins og undanfarna tvo áratugi. Undirbúningur íslenska liðsins var undir styrkri stjórn Bjargar



Íslenska vinningsliðið frá Club Lögberg, f.v.: Þórunn Pálína Jónsdóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Ari Karlsson, Hervör Pálsdóttir, Sesselja Sigurðardóttir og Heiða Björg Pálmadóttir.

og vanda að öllum undirbúningi keppinnar hér á landi, í samstarfi við keppnisstjórnina í Stokkhólsháskóla. Í tengslum við keppnina komu hingað til lands um 170 erlendir gestir; laganemar, dómara og lögmenn, en alls komu á þriðja hundrað manns að keppninni með einum eða öðrum hætti. Laganemar frá Orator, fyrrum

Thorarensen prófessors og Kristínar Benediktsdóttur aðstoðarmanns hæstaréttardómara og fyrrum keppanda. Fjölmargir lögmenn, LMFÍ, dómsmálaráðuneytið og nokkur fyrirtæki styrktu keppnina í ár sem endranær en þátttaka íslensku laganemanna í keppninni hefur frá upphafi verið háð velvilja lög-manna.

Bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda sínum

Þann 27. maí sl. féll dómur í Hæstarétti í máli nr. 482/2003 þar sem tekið var á álitaefni á sviði sérfræðia-byrgðar þar sem ágreiningurinn varðaði skaðabótaréttarlega stöðu starfsmanns gagnvart vinnuveitanda sínum.

Ágreiningsefni í máli nr. 482/2003

Málið snérist um skaðabótakröfu lífeyrissjóðs A á hendur fyrrverandi framkvæmdastjóra sínum G vegna tjóns af völdum meints gáleysis við lánveitingu. Nánar tiltekið voru mála-vextir eftirfarandi. A taldi sig hafa orðið fyrir tjóni vegna lánveitingar til fyrirtækisins B, sem G stóð að fyrir hönd sjóðsins síðla árs 1999, en B var tekið til gjaldþrotaskipta tveimur árum síðar og fékkst ekkert greitt upp í kröfu A við skiptin. Hæstiréttur féllst á með lífeyrissjóðnum, að umrædd lánveiting hafi verið svo óvenjuleg að framkvæmdastjórinn hafi átt að leggja ákvörðun um hana fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar, en G hafði ekki sýnt fram á að það hefði verið gert. Taldi rétturinn að þegar málsatvik væru virt í heild yrði að meta það framkvæmdastjóranum til gáleysis, að hann hafi staðið að hinni umdeildu lánveitingu. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu taldi Hæstiréttur með vísan til 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að G yrði ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni lífeyrissjóðsins. Staðfesti Hæstiréttur því niðurstöðu héraðsdóms um sýknu.

Þó svo að Hæstiréttur eyði ekki löngu máli í efnislega umfjöllun um 23. gr. skaðabótalaga má ljóst vera að hér er á ferð mikilvægt fordæmi varðandi skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda sínum. Hvers vegna var G ekki dæmdur bótaskyldur þrátt fyrir að rétturinn kæmist að þeirri niðurstöðu að tjón A yrði rakið til gáleysis hans? Til að svara þessari spurningu er nauðsynlegt að fjalla um 23. gr. skaðabótalaga en



Dr. jur. Guðmundur Sigurðsson

dósent við lagadeild HR

um bótakröfu vinnuveitanda á hendur starfsmanni sínum fer samkvæmt þeirri grein.

23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993

„Bætur, sem vinnuveitandi hefur greitt vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, er aðeins unnt að krefja starfsmanninn um að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti. Skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola má

skerða eða fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til atvika sem getið er í 1. mgr. og hagsmuna tjónþola. Bætur, sem starfsmaður hefur greitt, getur hann krafist úr hendi vinnuveitanda að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda eftir 1. mgr. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um kröfu vinnuveitanda á hendur starfsmanni vegna tjóns sem starfsmaðurinn veldur vinnuveitanda í starfi sínu.“

Í 3. sbr. 1. mgr. 23. gr. kemur sú meginregla fram að starfsmaður ber ekki skaðabótaábyrgð gagnvart vinnuveitanda sínum. Þannig segir m.a. eftirfarandi um ákvæðið í greinargerð: „Reglur frumvarpsins um bótaábyrgð starfsmanns eru gerðar á grundvelli þess sjónarmiðs að meginreglan skuli vera sú að vinnuveitandi beri endanlega bótaábyrgð á tjóni sem starfsmaður hans veldur þegar hann er við vinnu í þágu vinnuveitandans.“¹

Þessi meginregla 23. gr. felur í sér ákveðna grundvallarbreytingu á bótaskyldu starfsmanns vegna tjóns sem hann veldur í vinnu sinni eða í tengslum við vinnu sína. Í greinargerð með skaðabótalögnum frá 1993, kemur fram að eftir gildandi rétti fyrir lögfestingu skaðabótalaga var staða starfsmanns formlega sú að hann bar persónulega bótaábyrgð á öllu tjóni sem rekja mátti til gáleysis eða ásetnings hans í starfi. Almennt var ekki laga-

heimild til að lækka eða fella niður bótaskyldu starfsmanns á grundvelli velferðarsjónarmiða. Síðan er tekið fram í greinargerðinni að með 23. gr. sé stefnt að sama marki og sérstakar lækunarheimildir, og sé ákvæðinu ætlað að gilda um alla hópa launþega. Sé ákvæðið þannig orðað að unnt sé að koma fram bótaábyrgð á hendur starfsmanni ef nauðsynlegt þykir af varnaðarástæðum.²

Þegar meta á hvort skilyrði séu fyrir hendi til þess að víkja frá meginreglunni í 3. sbr. 1. mgr. 23. gr. um að starfsmaður beri ekki skaðbótaábyrgð gagnvart vinnuveitanda sínum er viðmiðið hvað telja má sanngarnt þegar lítið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti.

Það er vinnuveitanda, þ.e. þess sem krefur starfsmann um bætur að sanna að skilyrði þess að víkja megi frá meginreglunni séu uppfyllt.³ Umfjöllunin snýr þannig að undantekningarreglu frá meginreglu sem aðeins kemur til greina að beita ef nauðsynlegt þykir út frá varnaðarsjónarmiðum eins og segir í greinargerðinni. Það liggur því í hlutarins eðli að heimild þessa ber að túlka þröngt. Hér skal sérstaklega bent á tl. 4.11. í greinargerð með skaðabótalögum en þar segir eftirfarandi: „Enn fremur er dregið að miklum mun úr bótaskyldu starfsmanns sem veldur tjóni í vinnu í þágu vinnuveitanda þótt tjónþoli njóti ekki tryggingargreiðslna.“⁴

Skal nú leitast við að gera grein fyrir þessum skilyrðum.

A. Þegar lítið er til sakar

Til þess að vikið verði frá meginreglunni um að starfsmaður beri ekki skaðbótaábyrgð gagnvart vinnuveitanda sínum þarf m.a. að liggja fyrir að tjón verði rakið til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings starfsmanns. Þannig blasir við að einfalt gáleysi starfsmanns dugar almennt ekki til þess að fella bótaábyrgð á hann. Þetta er í fullu samræmi við þá reglu sem gildir um bótaábyrgð starfsmanns vegna tjóns sem váttrygging tekur til, sbr. 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga,⁵ en þar segir:

„Hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til er starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis.“

Þá verður að telja, séð í ljósi þeirra sjónarmiða sem leggja á til grundvallar mati á bótaskyldu starfsmanns skv. 23. gr. skaðabótalaga, að starfsmaður verði mun fremur talinn bótaskyldur ef tjón verður rakið til refsiverðrar háttsemi.

Eftirfarandi dóma má nefna sem dæmi þess að

bótaskylda starfsmanns skv. 23. gr. byggir almennt ekki á einföldu gáleysi og refsivert brot er mun líklegra til þess að valda bótaábyrgð starfsmanns:

U 2002:1306 V. Málavextir voru þeir að

A sem var forstöðumaður diskóteks þar sem B og C höfðu vinnuveitingarleyfi og töldust því vinnuveitendur A, var dæmdur bóta-skyldur vegna afleiðinga ofbeldisbrots gagnvart viðskiptavini D. Nánar tiltekið voru atvik þau að A ýtti D með báðum höndum sem við það féll niður tröppur og slasaðist. Í niðurstöðu dómsins segir að þar sem tjónið verði rakið til refsiverðrar háttsemi séu ekki forsendur til að lækka bótafjárhæð úr hendi A. Hvað varðar uppgjörið milli A annarsvegar og B og C hinsvegar segir dómurinn að samkvæmt meginreglu 23. gr. skaðabótalaga skuli vinnuveitandi á endanum bæta tjónið en ekki starfsmaðurinn. Hinsvegar taldi dómurinn, séð í ljósi þess að um refsivert brot forstöðumannsins var að ræða, að A ætti að bera 2/3 hluta tjónsins og B og C 1/3 þess.

Ástæða er til að ætla að ef tjónið hefði ekki verið rakið til refsiverðrar háttsemi A hefði dómurinn talið að vinnuveitandinn ætti að bæta tjónið að fullu.

FED 1996.1340. Málavextir voru þeir að bílstjóri vöruflutningabíls olli umtalsverðu tjóni á bifreiðinni, tjóni sem rakið var til ölvunarasturs hans. Áfengismagn í blóði bílstjórans 2 klst. eftir óhappið mældist 1,37 pro. mill. Vestari Landsréttur taldi brot bílstjórans mjög gróft, svo gróft að ekki væru forsendur til annars en að hann bæri bótaábyrgð á því gagnvart vinnuveitanda sínum.

Höfundur er ekki kunnugt um að Hæstiréttur Íslands hafi fyrir dóminn í máli nr. 482/2003 með beinum hætti fjallað um þá spurningu hvort starfsmaður beri bótaábyrgð gagnvart vinnuveitanda sínum samkvæmt 23. gr. skaðabótalaga. Í eftirfarandi dómi reyndi þó á skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga refsiverðrar háttsemi, en ekki verður séð að aðilar máls hafi haldið því fram að 23. gr. skaðabótalaga ætti við um tilvikið.

H 1998:4196 (sjá og H 1996:1199). Þ sem var starfsmaður Áburðarverksmiðju ríkisins og síðar Áburðarverksmiðjunnar hf. annaðist reiknishald fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins í þrjú ár og var síðan umsjónarmaður sjóðsins og aðalmaður

í stjórn hans. Með dómi 1996:1199 var Þ sakfelldur fyrir umboðssvik og fjárdrátt gagnvart sjóðnum. Í dómi H 1998:4196 var Þ síðan dæmdur bótaskyldur með vísan til sakfellingar í áður nefndum refsisómi.

B. Þegar lítið er til stöðu starfsmannsins

Þegar meta á hvort víkja megi frá meginreglu 23. gr. skaðabótalaga verður að horfa til þess hvort eðlilegt sé að starfsmaðurinn stöðu sinnar vegna og þekkingar umfram vinnuveitanda sinn eigi fremur að bera tjónið en vinnuveitandinn. Er staða viðkomandi starfsmanns svo sérstaks eðlis séð í ljósi þess tjóns sem orðið hefur að eðlilegra sé útfrá varnaðarsjónarmiðum að hann beri tjónið en vinnuveitandinn. Í þeim tilvikum kemur til greina að víkja frá meginreglunni um að áhættan á að tjón verði í rekstri hvíli á vinnuveitandanum.

C. Þegar lítið er til atvika að öðru leyti.

Varðandi þetta skilyrði hefur verið talið að líta megi til sömu sjónarmiða og er að finna í 1. mgr. 24. gr. skaðabótalaga, þó þannig að meiri líkur séu á að þessi sjónarmið leiði til þess að starfsmaður verður ekki gerður bótaskyldur en myndi vera ef um aðra tjónvalda en starfsmenn væri að ræða, þ.e. ekki þá sem falla undir 23. gr. skaðabótalaga.⁶ Þetta er í fullu samræmi við þau sjónarmið sem að baki 23. og 24. gr. skaðabótalaga búa, þ.e. að lækkun eða brottfall bótaábyrgðar starfsmanns skv. 23. gr. er meginregla en lækkun eða brottfall bótaskyldu á grundvelli 24. gr. er undantekningarregla.⁷

Niðurstaða:

Telja verður niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 482/2003 í fullu samræmi við það sem hér hefur verið sagt um 23. gr. skaðabótalaga og þær forsendur sem að baki niðurstöðu þeirra dómsmála liggja sem gerð hefur grein fyrir. Þannig veður t.d. ekki séð að Hæstiréttur hafi talið gáleysi framkvæmdastjórans í umrætt sinn vera stórkostlegt. Þá var því á engu stigi málsins haldið fram að um refsiverða háttsemi hans hafi verið að ræða.⁸

1 Alþingistíðindi. A-deild. 116. löggjafarþing, 1992–93, þingskjal 596, 326. mál, kafli 4.10. Dansk Karnov. 23. gr. dönsku skaðabótalaganna, neðanmálgrein nr. 111, Jens Møller og Michael S. Wiisbye: Erstatningsansvarsloven 6. utg., 2003, bls. 475 og Bo von Eyben og Helle Isager: Lærebog i erstatningsret, 5. utg., 2002, bls. 118. Hvað varðar tengsl íslensku skaðabótalaganna frá 1993 við dönsku skaðabótalögin þá segir eftirfarandi í greinargerð með íslensku lögnum: „Fyrirmynd þessa frumvarps er því dönsku skaðabótalögin frá 1984. – Ef frumvarpið verður að

lögum verða íslenskar reglur á því sviði skaðabótaréttar, sem hér um ræðir, í stórum dráttum í samræmi við danskar, finnskar, norskar og sænskar reglur, en þær eru ávöxtur nokkurra áratuga starfs margra sérfræðinga. Við samningu athugasemda með frumvarpinu var mikið stuðst við greinargerð sem fylgdi frumvarpi til dönsku laganna. Einkum á þetta við um athugasemdir við einstakar greinar. Meðal annarra rita, sem stuðst var við, má sérstaklega nefna „Erstatningsansvarsloven“ eftir Anders Vinding Kruse og Jens Møller, 2. útg. Kaupmannahöfn 1989, og „Erstatning og godtgørelse efter erstatningsansvarsloven og voldsofferloven“ eftir Bernhard Gomard og Ditlev Wad, útg. í Kaupmannahöfn 1986.“

2 Alþingistíðindi. 116. löggjafarþing, 1992–93, þingskjal 596, 326. mál, kafli 4.10.
3 Jens Møller og Michael S. Wiisbye, bls. 475.
4 Alþingistíðindi. 116. löggjafarþing, 1992–93, þingskjal 596, 326. mál, kafli 4.10.
5 Dansk Karnov. Neðanmálgrein nr. 112, Jens Møller og Michael S. Wiisbye, bls. 475 og Bo von Eyben og Helle Isager, bls. 118.
6 Dansk Karnov. Neðanmálgrein 112.
7 Gomard og Wad: Erstatning og godtgørelse efter erstatningsansvarsloven og voldsofferloven. 1986, bls. 412.
8 Við ritun greinarinnar var stuðst við eftirfarandi dóma: Íslenskir: Dómur Hæstaréttar 27. maí 2004 í máli nr. 482/2003, H 1996:1199 og H 1998:4196. Danskir: U 1996:156 V, U 2002:1306 V og FED 1996: 1340.

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, norðurlandamál, frönsku, þýsku og rússnesku (nú þýðendur og túlkar).
Dóm- og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dóm túlkur og skjalapýðandi.
Laugavegi 163a - sími: 562-6588
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717
netfang: ellening@simnet.is

VEÐBÖND.IS

– NÝR VEFUR FYRIR VEÐBÖND FASTEIGNA OG ÖKUTÆKJA



ÖRUGG MIÐLUN UPPLÝSINGA

Vegna breytinga á veðbandakerfi dómsmálaráðuneytisins verður núverandi fyrirkomulag á aðgengi fyrirtækja að veðbandaupplýsingum lagt niður í áföngum.

Breytingarnar taka gildi á þessu ári skv. eftirfarandi áætlun: Hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði 27. febrúar, Sýslumanninum á Ísafirði 12. mars og Sýslumanninum í Reykjavík 19. mars.

Veðbandayfirlit fasteigna og lausafjár hefur verið skilið í sundur með fyrrgreindum breytingum á umræddu kerfi.

Áfram verða sömu upplýsingar veittar á Internetinu, en nú gegnum nýjan vef, vedbond.is. Um er að ræða nýja tengileið á Internetinu með betra viðmóti en áður.

Sömu reglur um aðgangsheimildir munu gilda áfram og þarf viðkomandi fyrirtæki að nafngreina þá notendur sem skulu fá aðgang og senda með tölvupósti á vedbond@skýrr.is.

Umræddar breytingar eru gerðar með það að markmiði að upplýsingar um veðbönd allra fasteigna á Íslandi fáiast á einum stað. Þeir sem fá aðgang að þessari þjónustu eru skilgreindir í reglugerð um þinglýsingar.

Skýrr er eitt öflugasta þekkingarfyrirtæki Íslands. Skýrr býður fjölbreyttar lausnir og þjónustu á sviði upplýsingatækni. Fyrirtækið er sölu- og þjónustuaðili Oracle Corp., Business Objects, VeriSign og Cambio á Íslandi. Hjá samstæðunni starfa um 200 manns. Viðskiptavinir Skýrr eru um 2.200 talsins og meðal þeirra eru mörg stærstu fyrirtæki landsins, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg. Örugg miðlun upplýsinga er kjarnastarfsemi Skýrr.

